ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!


Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA-LENÍNISTA

9.tbl. 4. árg 1975



Verð kr. 70



Hvað hefur kaupið rýrnað mikið? bls. 3

Hvað er að gerast á Grænlandi? bls. 5

Hvern styður Kína í Angóla? bls. 4

Á Spáni bls. 8



Uppbyggingin í Víetnam er nú í fullum gangi. Aðstæðurnar eru breyttar eftir að þjóðfrelsisöflin hafa hrakið bandarísku heimsvaldasinnana úr landi. Litla myndin sýnir skólabörn flýja undan sprengjukasti USA. Stóra myndin sýnir ástandið í dag. Lan (8 ára) og Vot (6 ára) sitja á skólabekk og búa sig undir framtíðina í **frjálsu landi.**



Wilfred Burchett er blaðamaður bandaríska vikublaðsins Guardian. Hann hefur margsinnis heimsótt Víetnam allt frá upphafi stríðsins. Þessi grein er skrifuð í Saigon í ágúst s.l.

WILFRED BURCHETT Í S-VÍETNAM:

Nýtt Víetnam rís úr rústum þess gamla

Alþýða S-Víetnam, sem nú hefur öðlast frelsi eftir aldarlanga nýlenduhlekki, einbeitir sér nú af sama krafti og er hún barðist fyrir frelsi sínu að uppbyggingu lands síns.

"Enginn víetnami er nógu gamall til að muna þá tíð, þegar borg þessi var ekki hernumin af erlendum herjum og þegar víetnamar réðu sínum málum sjálfir."

Þannig lagði talsmaður Bráðabirgðabyltingarstjórnarinnar (BBS) áherslu á þá staðreynd að "land okkar er nú algerlega frelsað," eftir meira en hundrað ár af franskri nýlendustefnu, japönsku hernámi og, loks, langvarandi tilraun bandaríkjamanna til að drottna yfir Suður-Víetnam.

"Sigur okkar er afgerandi og alger á öllum vígstöðvum," bætti hann við. "Í öllu landinu sakna menn aðeins eins - að Ho Chi Minh forseti skuli ekki hafa lifað til að sjá hann. En erfðaskrá hans var framfylgt. Sigur hefur veitt okkur fullkomið sjálfstæði og frelsi og við munum verða við öðrum óskum hans, að endurreisa landið svo það verði fallegra en nokkru sinni áður en við hófum baráttu okkar."

Geysileg félagsleg vandamál við að glíma.

Framúrskarandi árangri hefur verið náð við að gera lífshætti hér eðlilega á ný á þeim þremur mánuðum sem liðnir eru frá frelsun Saigon. Brátt verður mögulegt að breyta Herstjórnarnefndinni í byltingarnefnd alþýðunnar, svipaðri þeim sem þegar eru teknar til starfa í nokkrum úthverfum borgarinnar. Herstjórnarnefndinni varð komið á fót til bráðabirgða vegna alvarlegra öryggisvandamála og annarra, sem frelsisherirnir erfðu frá leppstjórninni og ameríska hernáminu.

"Auk venjulegra heilbrigðis- og fæðuþarfa 3,5 milljón manna borgar," sagði dr. Nguyen Van Thu, sem fer með heilbrigðis- og félagsmál, "skildu ameríkanarnir eftir sig 130.000 eiturlyfjaneytendur og kynsjúkdómasjúklinga í Saigon einni saman. Vændiskonur voru milli 100 - 300.000 auk um 300.000 vasaþjófa og annarra þjófa," sagði læknirinn.

FRAMHALD BLS. 4

Brotið gróflega á verkamönnum hjá Togaraafgreiðslunni!

Samkvæmt landslögum ber fyrirtækjum að inna reglulega af hendi greiðslur í lífeyrissjóði fyrir hönd starfsmanna sinna, og einnig ber þeim að greiða reglulega orlofsfé til Pósts og Síma. Í Lífeyrissjóðunum er féð á vöxtum uns eigandi fær það greitt til eigin nota. Þá er það forsenda fyrir láni úr lífeyrissjóðum að viðkomandi hafi greitt reglulega í sjóðinn.

Togaraafgreiðslan hefur ekki borgað inn á Lífeyrissjóð Dagsbrúnar fyrir hönd verkamannanna í 15 mánuði. Meðan féð hefur átt að vera á vöxtum innan sjóðsins, eiganda þess til góða, hefur Togaraafgreiðslan verið að braska með stórfé sem tilheyrir verkamönnum, í eigin gróðaskyni. Eins og að líkum lætur er hér um stórfé að ræða, þar sem af launum hvers verkamanns fer 4% í lífeyrissjóð, og fyrirtækinu er skylt að leggja 6% við, þannig að fyrir hvern verkamann er borgað sem svarar 10% launa. Hjá Togarafgreiðslunni vinna um 30 manns svo það er ljóst að þær fjárhæðir sem um er að ræða skipta milljónum á 15 mánuðum.

Það er því stórtap fyrir verkamennina þegar féð er ekki á vöxtum inná sjóðnum, og auk þess getur þetta gert þeim erfitt fyrir ef þeir ætla að fá lífeyrissjóðslán, því skilyrði fyrir lánveitingu er, að viðkomandi hafi greitt reglulega til sjóðsins.

Talað hefur verið við Dagsbrún, en að venju er eins og að fara í geitarhús að leita ullar að fá hjálp úr þeirri áttinni. Dagsbrúnarforystan hefur ekkert gert til að þrýsta á málið. Sennilega býr hún enn að laununum fyrir að þröngva upp á verkamenn Togaraafgreiðslunnar smánarsamningum í vetur sem leið.

Auk þess að hafa vanrækt að borga inn á Lífeyrissjóðinn, hefur Togaraafgreiðslan ekki greitt orlof til Pósts og Síma það sem af er þessu ári, og þannig augljóslega fengið fé sem er eign verkamannanna til að braska með.

Það er krafa verkamannanna hjá Togaraafgreiðslunni að þegar í stað verði greitt inn á Lífeyrissjóðinn og orlofið. Kaup og kjör verkamanna eru nægilega bágborin fyrir, þó að ekki þurfi að stela af þeim orlofi og lífeyri sem þeir hafa réttilega unnið til.

Stéttabaráttan tekur undir kröfur verkamanna Togaraafgreiðslunnar, og lofar fullum stuðningi komi til róttækra aðgerða til að knýja fyrirtækið til að fara að lögum.

Ríkisstyrkur til Iscargo

Einokunarhringarnir stjórna ráðuneytinu

Undanfarið hafa komið fram í dagblöðunum upplýsingar um það að ríkið styrkti flugfélagið Iscargo til vöruflutninga á milli landa. Þær upplýsingar sem fram hafa komið segja auðvitað ekki alla söguna - og draga alls ekki fram kjarna málsins. Enda var ekki við því að búast.

Stéttabaráttan hefur aflað sér heimilda fyrir því, hvernig málin gerðust. Þessar upplýsingar eru mjög afhjúpandi fyrir það hvernig ríkisvaldið þjónar einokunarauðvaldinu íslenska, hvernig hið marglofaða lýðræði og fulltrúakjör til Alþingis er aðskilið framkvæmdavaldinu, sem fer sínu fram óháð "vilja fólksins."

Upphaf málsins er starfsemi flugfélagsins FRAGTFLUG. Þetta flugfélag var stofnað til vöruflutninga eingöngu, aðalstarfsemin var flutningur á hrossum til Evrópu. SÍS var aðalútflytjandi hrossa og starfaði Fragtflug því mikið á vegum SÍS. Flugfragt notfærði sér sérstök ákvæði í tollalögum frá 1963, sem kváðu á um að tollar skyldu vera lægri á vörum sem væru fluttar með flugi en þeim sem kæmu sjóleiðis. Þessi tollalagaákvæði gerðu mögulega samkeppni flugfélaga við skipafélögin um vöruflutninga til landsins.

Þáttur Flugleiða

En Fragtflug var ekki lengi í paradís - stóru flugfélögin Loftleiðir og Flugfélag Íslands stunduðu einnig vöruflutninga.

Aðgerðir ríkisvaldsins til þess að sameina þessi tvö flugfélög koma einnig inn í myndina. Flugfélögin settu fram ýmsar kröfur í því sambandi, m.a. að öðrum flugfélögum yrði ekki veitt rekstraraðstaða nema með samþykki Flugleiða. (Þessi samningur kom fram þegar Vængir hf áttu í stappi til þess að fá leyfi til áætlunarflugs á Vestfirði - ennfremur lætin út af þotukaupum Guðna í Sunnu).

Til þess að hindra samkeppni af hálfu Fragtflugs heimtuðu Flugleiðir að þeir yrðu stoppaðir. Samgöngumálaráðuneytið sá um að framkvæma vilja Flugleiða, en það taldi ekki taktískt að svipta Fragtflug rekstrarleyfi svona hreint og beint. Fínni aðferðir þurfti til. Það var ákveðið að breyta túlkun tollaákvæðanna þannig að tollfríðindi á flugfragt skyldu aðeins gilda fyrir flugfélög með reglubundið áætlunarflug. Og þar með voru það bara Flugleiðir sem gátu fengið afsláttinn. Fragtflug hraktist úr landi og færði starfsemi sína til meginlands Evrópu.

Þáttur SÍS

Eins og fyrr segir voru hrossin frá SÍS flutt með flugvélum Fragtflugs. Og þá koma hagsmunir SÍS inn í myndina, því hrossin varð að flytja á markaðinn. SÍS kippti í sína spotta í samgöngumálaráðuneytinu, og heimtaði að Fragtflug kæmist aftur í hrossaflutningana. Samgöngumálaráðuneytið fór nú á stúfana og samþykkti að veita Fragtflug (sem nú birtist undir nafninu Iscargo - sömu eigendur, sömu flugvélar) ríkisstyrk sem nemur tollaafslættinum og hrossin fengu loks flugfar.

Flugleiðir urðu að sætta sig við þessi málalok - í bili.

-/hh

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan
Leiðarinn er á ábyrgð miðstjórnar.

STÉTTABARÁTTAN, 9.tbl.4árg.
25,sept. 1975
Útg. Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Reykjavík
Sími: 27810
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Fram til baráttu fyrir endurreisn verkalýðsfélaganna

Það er nú hverjum manni ljóst að þessi ríkisstjórn sem nú situr er jafn ófær um að ráða við verðbólguna eins og þær sem á undan hafa setið.

Á undanförnum vikum hefur hver hækkunin eftir aðra dunið yfir á vörutegundum, sem framleiddar eru innanlands. Núna síðast var það stórhækkun á búvöru, bæði mjólk, kjöti og kartöflum - en þetta eru einmitt þær vörutegundir sem ríkisstjórnin gaf sérstakt loforð um að myndu ekki hækka, þegar síðustu kjarasamningar voru gerðir við verkalýðsfélögin. Þá var niðurgreiðslan á landbúnaðarvörum metin til allt að 20% kjarabóta, en nú hafa fjöldamargar landbúnaðarvörur verið hækkaðar langt fram yfir þetta. Þannig hefur ríkisstjórnin svikið öll þau loforð sem gefin voru og "voru forsenda þess að samningar tókust" í júní síðastliðnum, eftir því sem ASÍ-forystan fullyrti þá.

KSML bentu reyndar á það strax og þegar kunnugt varð um efni samninganna, að þetta væru ófærir samningar og í flugriti, sem dreift var fyrir fundi í öllum stærstu verkalýðsfélögunum, gagnrýndu þau einmitt það atriði samninganna, að treysta loforðum ríkisstjórnarinnar. Það kom líka í ljós að ríkisstjórninni var ekki að treysta, stuttu eftir samningana var mjólkin hækkuð í verði og nú allar landbúnaðarvörur.

Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin þorir að demba þessum hækkun á landbúnaðarvörum ofan í um 70% verðbólgu er það dáðleysi sem ríkir í aðgerðum verkalýðsfélaganna. Oft hefur verið þörf á sterkum og starfandi varnarbaráttutækjum verkalýðsins, en nú er nauðsyn. Eina leiðin til að hefta þær gífurlegu kjaraskerðingar sem nú dynja yfir er að verkalýðsstéttin snúist til baráttu og sameinist um að snúa kjaraskerðingunum gegn kapitalistunum sjálfum, því það eru einmitt framleiðsluhættir þeirra, sem eru orsök kjaraskerðingarinnar og verðbólgunnar, en ekki laun verkalýðsins.


Vegna þess mikla samdráttar sem orðið hefur í hinum vestræna auðvaldsríkjum og minnkandi magns af seldum vörum hafa auðmennirnir reynt að halda uppi sínum eigin gróða með því að hækka vöruverðið. Það er því í efnahagskerfi kapitalismans sem orsaka kjaraskerðinganna er að leita. Gegn þessu kerfi verða verkamenn því að snúast til að vernda lífshagsmuni sína.

Til að þessi barátta beri einhverja ávexti verðum við því að hafa trausta, framsækna og verkalýðssinnaða forystu í verkalýðsfélögunum. En svo er því miður ekki í dag. Verkalýðsforystan í stærstu og mikilvægustu verkalýðsfélögunum er algjörlega ófær um að veita nokkra framsýna leiðsögn. Þessa verkalýðsforingja hefur auðvaldið fyrir löngu keypt upp. Þeir eru orðnir hálaunamenn, komnir í fínar stöður, á Alþingi, í vellaunaðar nefndir og ráð ríkisins. Þeir eru orðnir tryggir þjónar þess kerfis sem frami þeirra og auður byggist á. Með öðrum orðum, auðvaldið hefur stungið upp í þá dúsu svo þeir verði þægir þjónar ríkjandi kerfis kapitalismans. Þeim líður of vel í feitu embættunum sínu til að hætta þeim í baráttu fyrir verkalýðsstéttina.

Ef einhver möguleiki á að vera á því, að verkamenn sigri í baráttunni sem framundan er, verður það vissulega frumskilyrði að losa sig við það mútþæga lið, sem nú situr í verkalýðsforystunni.

Lærdómarnir sem við getum dregið af síðustu samningum og hvernig var staðið að þeim eru meðal annars þeir, að kasta ekki samningunum í hendurnar á topp-klíkunni í ASÍ heldur verðum við að skapa sem breiðastan, starfandi fjölda svo ASÍ-forystunni muni þá síður takast að svíkja og brjóta baráttuna á bak aftur. Nú verðum við því að krefjast þess að verkamenn í félögunum fái tækifæri til að undirbúa kröfurnar og fylgja þeim fram til baráttu. Aðeins á þann hátt mun takast að endurreisa verkalýðsfélögin og hreinsa þau af hinum uppkeypta lýð, sem kemur í veg fyrir árangursríka baráttu fyrir að auðmennirnir verði sjálfir látnir borga sína eigin kreppu.

RAUÐA STJARNAN
byltingarsinnuð bókabúð í þjónustu alþýðunnar



Fyrir skömmu var bókabúðin Rauða Stjarnan opnuð á ný eftir flutninga. Hún hefur aðsetur sitt að Lindargötu 15 og opnunartími hennar er: frá 15 til 18,30 frá mánudegi til föstudags. Meðal þess efnis sem þar er á boðstólum kennir ýmissa grasa. Þar er að finna ýmsar pólitískar bækur á íslensku, ensku, dönsku og sænsku, skáldsögur og ljóð, blöð og tímarit frá hinum og þessum heimshlutum, plötur og myndir og margt fleira. Að sjálfsögðu er hægt að fá þarna allt útgáfuefni KSML. Fljótlega verður opnað þarna kaffihorn. Þar munu liggja frammi blöð og tímarit. Komið og lítið inn.

Ályktun miðstjórnar

Fasistastjórn Francos á Spáni herðir nú tökin á alþýðunni. Hundruðir frelsisunnandi spánverja - lýðræðissinnar, kommúnistar, baskar og aðrir - sitja í dýflissum falangistanna og bíða dóms eða afplána hann. Nú standa yfir réttarhöld yfir meðlimum spænsku andfasistasamtakanna F.R.A.P. og meðlimum baskísku þjóðfrelsissamtakanna E.T.A.

11 manneskjur hafa þegar verið dæmdar til dauða og enn fleiri bíða dauðadóms. Meðal þeirra sem dæmdir hafa verið til dauða eru tvær kornungar konur, báðar barnshafandi.

Andfasísku frelsissamtökin, F.R.A.P. hafa beint þeirri beiðni til lýðræðissinna og andfasista um allan heim, að þeir hunsi túristaferðir til Spánar, því að tekjur francofasistanna koma að stórum hluta frá ferðamannastraumnum. Við styðjum þessa beiðni F.R.A.P. og hvetjum alla íslenska frelsis- og lýðræðisunnendur til þess að hunsa hópferðir til Spánar.

Pólitískar fangelsanir, réttarmorð á spænskum lýðræðissinnum og ofsóknirnar gegn baskísku frelsishetjunum eru allt saman brot á mannréttindastefnuskrá Sameinuðu þjóðanna. Við krefjumst þess, að íslenska ríkisstjórnin mótmæli grimmdarverkum spænsku fasistanna opinberlega.

Kröfur okkar eru þessar:

Látið lausa alla pólitíska fanga - afnemið dauðadómana!

Fullur stuðningur við F.R.A.P. og E.T.A.!

Miðstjórn KSML

Áskorun frá miðstjórn Kommúnistasamtakanna m-l til allra and-heimsvaldasinnaðra Íslendinga:
Ferðist ekki til Spánar!

FRAP - andfasistafylkingin á Spáni (sem Stéttabaráttan kynnti í 10. tbl. '74) hefur beint þeirri eindregnu áskorun til allra verkamanna og lýðræðissinna í Evrópu að styðja ekki fasistastjórn Frankós með því að ferðast til Spánar.

Talsmenn FRAP benda á, að ferðamannatekjurnar hjálpi stjórn Frankós að viðhalda tiltölulegu jafnvægi í efnahag landsins - sem sífellt er í slæmu ástandi sökum kúgunar bandarísku heimsvaldastefnunnar.

Til að sýna fram á þetta hefur FRAP lagt fram eftirfarandi upplýsingar: T.d. var viðskiptajöfnuður Spánar árið 1968 óhagstæður um 1.730 milljónir dollara, en með tekjunum af þeim 19 milljón ferðamönnum sem komu til landsins það ár varð greiðslujöfnuðurinn óhagstæður um 61,4 milljónir dollara. Sömu sögu er að segja um árið 1969, þá komu 21 milljón ferðamenn sem eyddu 1.300 milljónum dollara í landinu og þessar tekjur hjálpuðu fasistastjórninni til þess að greiða megnið af þeim 2000 milljónum dollara, sem greiðsluhallinn var.

Hinn stöðugi óhagstæði viðskiptajöfnuður er afleiðing þess að landið er okað af heimsvaldastefnunni. Það má því segja, að ferðamannagjaldeyririnn sem kemur til Spánar, og jafnar mesta tekjubil fyrir fasistastjórnina, sé jafnframt forsenda þess að bandaríska heimsvaldastefnan getur haldið landinu í greip sinni.

Að öllu jöfnu er það ljóst, að ef ekki væru tekjurnar af ferðamönnunum, þá myndi harðstjórnin riða í sessi og innbyrðis móthverfur valdastéttarinnar myndu aukast. Innbyrðis deilur meðal fasistanna myndu auðvitað veikja þá og þannig koma baráttu alþýðunnar til góða.

Að lokum segja talsmenn FRAP - Ferðamannastraumurinn hefur tvenns konar áhrif; hann auðgar auðherra Spánar og er nauðsynleg forsenda fyrir undirlægjuhætti Frankó-fasistanna gagnvart bandarísku heimsvaldastefnunni - fyrir verkalýðinn og fátæklingana á Spáni hefur ferðamannastraumurinn engar jákvæðar hliðar, heldur eingöngu hækkað vöruverð og sterkari kúgunarstjórn.

Miðstjórn KSML hefur ákveðið að styðja áskorun FRAP um að skora á verkalýðinn og alla and-heimsvaldasinna og lýðræðissinna að ferðast ekki til Spánar. Og það segir sig sjálft, að allir þeir sem telja sig framfarasinnaða fylgja þessari áskorun.

Til íslenskra marxista-lenínista!



Miðstjórn Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna ákvað á fundi sínum þann

fundi sínum í september, að II þing samtakanna yrði haldið að sjö mánuðum liðnum, á páskum 1976. Þingstaður er enn óákveðinn.

Verkefni þingsins verða þessi:
a) Samþykkt pólitískrar stefnuskrár.
b) Samþykkt laga og reglugerðar.
c) Yfirlýsingar og samþykktir um brýnustu mál íslensks verkalýðs og vinnandi alþýðu.
d) Kjör nýrrar miðstjórnar.

Nánari fyrirmæli um undirbúning þingsins - bæði skipulagslega og pólitískt - munu berast félögum innan skamms. Þingið er fulltrúaþing, en sérhver deild samtakanna eða starfshópur kýs sér fulltrúa í samræmi við fjölda félaga þegar fulltrúakjör fer fram.

Tillögur að ályktunum þingsins, stefnuskrá fyrir samtökin og reglugerð, verða birtar með reglulegu millibili í Stéttabaráttunni og jafnvel Rauða Fánanum, frá og með októberblaði Stéttabaráttunnar.

Nauðsynlegt er að allar tillögur séu ræddar ofan í kjölinn af öllum félögum og stuðningsmönnum samtakanna, skrifleg gagnrýni verði send ritnefnd Stéttabaráttunnar eða miðstjórn að loknum umræðum.

Sérhverjum félaga eða stuðningsmanni samtakanna er frjálst að gagnrýna allar tillögur fyrir þingið og leggja fram sérálit eða sérstakar tillögur í þeim málum sem þingið tekur til meðferðar eða öðrum málum, sem þeir álíta að þingið ætti að taka fyrir.

Skilafrestur tillagna að ályktunum, breytingartillögur að ályktunum eða sérálit rennur út 1. apríl 1976. Tillögur sem berast eftir þann tíma, verða teknar til mats af miðstjórn KSML.

Miðstjórn KSML hvetur verkafólk til að leggja orð í belg og taka þátt í að móta starf þingsins. Við álítum að alþýðubandalagsfélagar, sem vilja starfa að stofnun kommúnistaflokks á Íslandi, ættu að mynda umræðuhópa til þess að ræða stefnuskrártillögur, tillögur að ályktunum og starfsemi þingsins og koma gagnrýni sinni á framfæri við KSML. Þeir alþýðubandalagsfélagar, sem vilja starfa heiðarlega að stofnun kommúnistaflokks á Íslandi og fylgja marxismanum-lenínismanum, ættu að hafa samband við miðstjórn KSML og taka þátt í undirbúningi þingsins. Umræðuhópar og starfshópar verkamanna og marxista-lenínista sem standa utan KSML, eiga rétt á því að kjósa fulltrúa á þingið og taka fullan þátt í störfum þess.

Setjið ykkur í samband við miðstjórn KSML, pósthólf 1357 R. sem fyrst og takið þátt í baráttunni fyrir stofnun Kommúnistaflokks Íslands.

Miðstjórn Kommúnistasamtakanna m-l.

Ákveðið hefur verið að Nýi Verkamaðurinn verði gefinn út offsetprentaður í stóru broti eftir áramót og framvegis. Til að það geti orðið verður að byggja upp víðtækt styrktarmannakerfi, þar sem blaðið nýtur ekki ríkisstyrks eins og hin akureyrarblöðin.

Sendu styrktarframlagið á gíróreikning nr. 23673 og við skráum þig sem styrktarmann. Öllum nýjum styrktarmönnum verður send veggmynd (plaggat).

Nýi verkamaðurinn
pósthólf 650, Akureyri.
sími 23022

Styrktarmenn Stéttabaráttunnar

Enn eru styrktarmenn Stéttabaráttunnar of fáir til að koma að verulegu gagni við baráttuna fyrir eflingu hennar og málstaðs sósíalismans. Ritstj. blaðsins hvetur stuðningsmenn til að gerast styrktarmenn þess - greiða 500 kr. eða meira á mánuði.

Hafið samband við KSML

Hafnarfjörður: Fulltrúi KSML er Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.

Hellissandur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

Ísafjörður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Agnar Hauksson, Tangagötu 20, sími: 3651.

Neskaupsstaður: Stuðningsdeild KSML, Pétur Ridgewell, Miðhús

Sauðárkrókur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Einar Helgason, Víðigrund 6 (þriðja hæð).

Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu er með umboðssölu fyrir Stéttabaráttuna og Rauða fánann.

Suðurnes: Stuðningsdeild KSML, Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík. Sími: 2641.

Akureyri: Stuðningsdeild KSML, Guðvarður M. Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23, sími: 23673/ pósthólf 650, Akureyri.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.

Reykjavík: KSML, Lindargötu 15, eða pósthólf 1357, sími: 27810.

NÝIR UMBOÐSMENN:

Egilsstaðir: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Stefán Jóhannsson, Bjarkarhlíð 6.

Vestmannaeyjar: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugargerði, Vestmannaeyjum.

Gerist áskrifendur að Grundvelli Leninismans
Greiðið kr 500 inn á gíróreikning nr 51000

Grundvöllur lenínismans eftir J.V. Stalín er eitt merkasta rit í heimshreyfingu kommúnista. Í því eru öll grundvallaratriði marxismans-lenínismans á tíma heimsvaldastefnunnar, sett fram á snilldarlegan hátt. Ritið hefur aðeins einu sinni verið gefið út á íslensku, árið 1930 í þýðingu Sverris Kristjánssonar og Hjalta Árnasonar, en er nú löngu ófáanlegt.

Verkalýðsforlagið hefur nú hafist handa um endurútgáfu verksins í endurskoðaðri þýðingu. Áætlað er að það komi út í lok september eða byrjun október. Til þess að létta undir útgáfuna hefur Verkalýðsforlagið ákveðið að efna til áskrifendasöfnunar að Grundvelli lenínismans. Áskrifendur fá bókina á forlagsverði, kr. 500. Út úr búð mun hún hins vegar kosta 720 kr.



Menn geta gerst áskrifendur með því að borga kr. 500 inná gíróreikning Verkalýðsforlagsins nr. 51000, pósthólf 1357. Þannig má búast við því að eitt merkasta verk marxismans-lenínismans verði afhent og sent til áskrifenda um miðjan október.


(Fréttatilk. frá Verkal.forl.)

ASÍ-forystan „baráttuglöð"

Okkur almúgamönnunum hefur verið birtur boðskapur frá fundi miðstjórnar ASÍ þ. 19. sept. s.l. þar sem þeim tilmælum er beint til allra aðildarfélaga að segja upp gildandi kjarasamningum fyrir 1. des. n.k. sökum verðbólguþróunarinnar sem étið hefur upp alla "ávinninga" síðustu kjarasamninga. Í ályktuninni er hvatt til samstöðu og talað um að það verði að knýja fram gjörbreytta stefnu í efnahagsmálu, og klykkt er út með því að lýsa yfir að reynt verði að ná kjarabótum án verkfalla.

Munið þið yfirlýsingarnar fyrir síðustu kjarasamninga? Þá var brýnt fyrir mönnum nauðsyn samstöðu allrar verkalýðsstéttarinnar og ennfremur þess krafist, að kjaraskerðingin yrði bætt að fullu. ASÍ fékk umboð sitt frá verkamönnunum með því að strengja þess heit að a.m.k. 38% hækkun yrði á launum, en það þurfti til að bæta upp kjaraskerðinguna. En hvað sömdu kapparnir um? Jú, 11% hækkun launa, skattalækkun sem enginn varð var við, og hnefafylli af loforðum sem reyndust einskisnýt (engin hækkun á landbúnaðarafurðum o.þ.h.). Orðin voru stór, en gerðirnar litlar. Og út frá reynslu síðustu kjarasamninga er ljóst, að ASÍ-forystan hyggst enn á ný leika sama leikinn og gera eina háðungar- og svikasamningana enn. Gegn því verðum við að standa!

Hvað er orðið um krónuna þína?



Hvers virði er krónan sem verkafólkið fær útborgað þessa dagana? Þessi teikning sýnir hversu kaupmáttur launanna hefur verið skertur á tímabilinu mars ´74 - 1. ág ´75. Hver króna er nú 19,5% verðminni ef farið er eftir opinberum vísitölureikningi. En ef við skoðum dæmið betur þá kemur út önnur tala : 33,9%. Hvað þýðir seinni talan? Sú tala er fengin með því að reikna út krónuhækkun hjá verkamanni á 6. taxta Dagsbrúnar á tímabilinu mars ´74 - ág. ´75, sem er 41,1%. Síðan er aukning framfærslukostnaðar á sama tímabili fundin, og reyndist hann hafa aukist um 75%. Þá er "kaup"hækkunin dregin frá framfærsluhækkuninni og út kemur 33,9%. Opinbera talan yfir fall kaupmáttarins er 19,5% - en þá er búið að draga frá skatta"lækkunina" og bæta við öllum breytingunum á vísitölugrundvellinum. Þannig verða þessi 19,5% ekki raunhæf - 33,9% er miklu nær sanni þó svo að sú tala byggi á vísitölu framfærslukostnaðar, sem er ekki sannur að öllu leyti.
Dæmið sýnir að af hverjum 1000 kr. sem þið fáið útborgaðar, er búið að taka ca. 340 kr.



Manstu þá daga þegar maður fór útí búð og keypti inn fyrir helgi og borgaði 500 krónur fyrir? Til að kanna hvað helgarinnkaup kostuðu í dag fóru blaðamenn Stéttabaráttunnar í Silla og Valda í Austurstræti og keyptu eftirtaldar vörur:

Vara:	Verð:
1/2 kg. kjötfars	133 kr.
1 kg. kindakjöt	602 -
1 stk. fiskflak	120 -
21/2 kg. kartöflur	158 -
1/2 kg. smjör	306 -
4 lítr. mjólk	164 -
1 pk. kaffi	118 -
1 stk. franskbrauð	68 -
1 stk. heilhveitibrauð	63 -
1 stk. ostur	250 -
grænmeti	305 -
6 stk. epli	224 -
6 stk. egg	160 -
1 pk. súpa	102 -
1 lítri súrmjólk	40 -
	2845 kr.

Þetta má kalla eðlileg innkaup fyrir helgi, en reiknað er með að til séu heima hlutir eins og hveiti, sykur, súputeningar o.s.frv. Miðað við verkamannakaup (5. taxta Dagsbrúnar) sem gerir 2346 kr. á dag fyrir 8 tíma vinnu, tekur það verkamann rúmlega 9 tíma að vinna fyrir mat ofan í fjölskylduna yfir eina helgi. Með sama útreikningi fáum við út að meira en 2/3 af mánaðarkaupinu (sem er kr. 51.612) fyrir 8 tíma vinnudag fara eingöngu í matarkaup. Þá er allt annað eftir svo sem húsnæðiskostnaður, fatnaður, skattar, skemmtanir o.s.frv.

Nokkur orð um atvinnuleysistryggingar

Ungur verkamaður kom að máli við blaðið fyrir nokkru og sagði sínar farir ekki sléttar af viðskiptum sínum við atvinnuleysistryggingarnar. Hann hafði orðið að segja upp vinnu sinni af persónulegum orsökum snemma í vor þar eð hann gat ekki fengið frí í vinnunni í þann tíma sem hann þurfti. Þegar hann síðan ætlaði inn á vinnumarkaðinn aftur fékk hann hvergi vinnu. Hann leitaði víða og fór eftir auglýsingum í dagblöðum og auglýsti sjálfur en án árangurs. Þá lét hann skrá sig atvinnulausan hjá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar, og mætti þar daglega til skráningar. Eftir að hafa verið skráður atvinnulaus í viku sótti hann um atvinnuleysisbætur og fyllti út viðkomandi eyðublöð og fór með til skrifstofu atvinnuleysistryggingasjóðs í Dagsbrúnarhúsinu. Þar fékk hann að vita að málið yrði afgreitt í næstu viku og þá myndi hann fá bætur ef stjórn trygginganna samþykkti það. Þegar hann hafði verið atvinnulaus í hálfan mánuð spurðist hann fyrir hjá Atvinnuleysistryggingunum hvort ekki væri að vænta einhverra bóta, en fékk þvert nei við. Þegar hann spurði um orsakir var höfðað til laga um atvinnuleysistryggingar þar sem sagði eitthvað , á þessa leið: "Sá er telst sjálfur valdur að atvinnuleysi sínu, svo sem sökum drykkjuskaparóreglu, er ekki bótahæfur." Hann útskýrði fyrir skrifstofumanninum að hann hefði ekki orðið atvinnulaus sökum drykkjuskapar, heldur hefði hann neyðst til að segja upp vinnunni af persónulegum orsökum.

Það var alveg sama: Þeir sem eru reknir úr vinnu af orsökum sem þeir eru sjálfir valdir að og þeir sem af einum eða öðrum orsökum segja upp vinnunni fá engar atvinnuleysisbætur. Þó má athuga málið eftir að þeir hafa verið atvinnulausir í 5 vikur. Hann kvaðst hafa bent á að samkvæmt þessari túlkun á lögunum fengju engir aðrir bætur en þeir sem sagt er upp sökum samdráttar. Auk þess er ekki hægt að samþykkja að verkamaður sé sjálfur valdur að atvinnuleysi sínu þó hann segi upp vinnu, því hverjum á að vera frjálst að vinna þar sem hann helst óskar og getur, og verkamaður á að hafa fullt frelsi til að segja upp vinnu ef honum líkar ekki vinnan. Það er auðvaldsþjóðfélaginu að kenna þegar atvinnuleysi er meðal verkamanna, en ekki þeim sjálfum. Heimildamaður okkar segist hafa verið atvinnulaus í rúman mánuð og mikið reynt til að fá bætur, en því hafi ekki verið við komandi af hálfu Atvinnuleysistrygginganna.

Það er hverjum manni ljóst að enginn verkamaður með fjölskyldu getur gengið atvinnulaus í 5 vikur án bóta. Og í framhaldi af því: Það er hverjum manni ljóst að sú túlkun sem fulltrúar ASÍ í stjórn Atvinnuleysistrygginga samþykkja á framangreindu ákvæði laganna er ekki í þágu verkalýðs og vinnandi alþýðu. Í hverra þágu er hún þá?

Ritstjórn Stéttabaráttunnar hvetur verkamenn sem hafa svipaða reynslu af viðskiptum sínum við Atvinnuleysistryggingarnar að senda blaðinu línu, og leggja þannig lóð á vogarskálarnar til að afhjúpa það svínarí sem ASÍ-klíkan á þátt í að viðhalda varðandi rétt atvinnulausra til lífsframfæris.

PLÁSSLEYSI

Enn höfum við neyðst til þess að sleppa mörgum góðum greinum sökum plássleysis á þessum 8 síðum sem við höfum yfir að ráða. Fjölgun á blaðsíðum og aukin útgáfutíðni er eina lækningin - og það kostar fé. Eina leiðin til að styrkja fjárhag blaðsins er sú að fleiri gerist áskrifendur (og borgi) og fleiri verði styrktarmenn. Og þá er komið að þér félagi, ennfremur getur þú styrkt blaðið með því að taka nokkur blöð til sölu til vinnufélaga og kunningja. Sendu okkur fyrirframgreiðslu inn á gíró 27810 fyrir svona 3-5 blöðum og við sendum þér blöð til að selja.

Kínverskir listamenn heimsækja Ísland!

Þann 16. október er von á kínverskum listamönnum til landsins. Hér er um að ræða fjöllistamenn frá hafnarborg Peking, Tientsin, en hópur þessi er með fremstu fjöllistamönnum sinnar tegundar í Kína og reyndar í öllum heiminum. Hópurinn mun dveljast á Íslandi í um vikutíma, en hann hefur að undanförnu verið á sýningarferðalagi um Norðurlöndin. Sýningar hópsins munu verða í Laugardalshöllinni og verða þær 3 til 4 að tölu. Um margs konar skemmtiatriði er að ræða, svo sem ljónadans, listir á reiðhjóli, æfingar á slá, línudans og margt fleira. Í hópnum eru um 60 manns. Að heimsókn listamannanna standa Kínversk-íslensku menningartengslin í samráði við Íþróttasamband Reykjavíkur. Hér er á ferðinni skemmtun fyrir alla fjölskylduna, listamenn á borð við þessa heimsækja Ísland afar sjaldan. Frá Íslandi munu fjöllistamennirnir halda ferð sinni áfram þann 25. október.

Við hvetjum fólk til að leggja leið sína í Laugardalshöllina á sýningarhópsins og kynnast byltingarsinnaðri alþýðulist.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Áskorun til lesenda blaðsins!

Við vinnslu þessarar síðu byggði ritnefnd að mestu á aðsendum upplýsingum og ábendingum. Það er ljóst, að til þess að Stéttabaráttan verði hæfari til að flytja efni um hagsmunamál allrar vinnandi alþýðu verður hún að treysta á að lesendur blaðsins sendi ritstjórn upplýsingar. Það þarf ekki mikið: Ábendingar, úrklippur með umsögn, upplýsingar um hvað er að gerast á vinnustaðnum o.s.frv. Það er sama hversu lítilfjörlegt það kann að virðast - svo framarlega sem það segir einhverja sögu um launaþrælkunina og arðránið eða svívirðu auðvaldsþjóðfélagsins, þá getum við notað það til úrvinnslu. Þess vegna: Verið vakandi fyrir að láta okkur vita ef þið hafið eitthvert efni sem við getum unnið úr. Sendið okkur línu. Gerum Stéttabaráttuna að betra og fjölbreyttara blaði.

Er þetta jafnréttið hjá hinu opinbera?

Kona nokkur sem lengi hefur unnið við útburð á pósti hjá Pósti og Síma hálfan daginn, hefur verið að reyna að fá starf allan daginn við að bera út póst. Tekjur af hálfsdags vinnu nægja henni ekki til framfæris, og því hefur hún orðið að fara út í margvísleg störf til að framfleyta sér, svo sem að skúra gólf, bera út blöð, passa börn o.þ.h. En hvers vegna hefur hún ekki fengið heilsdagsvinnu við útburð á pósti? Jú, samkvæmt hefð ganga karlmenn fyrir um það, þegar störf losna. Það er ansi víða pottur brotinn hjá hinu opinbera þegar kemur að jafnrétti kynjanna.

Hvaðan kemur gróði Flugleiða?

Flugleiðir hafa, á sama hátt og Eimskipafélagið, verið kölluð Óskabarn þjóðarinnar. Þessum fyrirtækjum er hrósað uppí hástert fyrir vöxt og viðgang og þeim er þökkuð að nokkru þróun íslensks þjóðfélags á undanförnum áratugum. En í lofræðunum er sjaldan talað um hvernig gróði þeirra er fenginn. Við munum eftir kjaraskerðingum og auknu arðráni sem hafnarverkamenn hjá Eimskip hafa orðið að sæta þar sem forstjórar Eimskip og verkalýðsforystan lögðust á eitt um að þröngva uppá verkamennina. En er ekki málum eins varið með Flugleiðir? Hvaðan kemur gróði þeirra? Ritstjórn Stéttabaráttunnar fékk fyrir nokkru ábendingu um hvaðan gróðinn kemur m.a.

Verkakona sem unnið hefur hjá Flugleiðum átti samkvæmt samningum að fá starfsaldurshækkun. Sú hækkun kemur ekki af sjálfu sér, heldur þarf að sækja um hana. Þegar hún fór að nefna þetta við yfirboðara sína fékk hún að vita það "að hún gæti sent uppsagnarbréf með umsókn um starfsaldurshækkun, því fyrirtækið væri ekkert með fólk á hærri launum þótt það hefði unnið þar lengi." Þetta virðist gilda þar, a.m.k. hvað varðar verkafólk félagsins. Þegar við spurðum hana hvort hún hefði leitað til verkalýðsfélagsins sagði hún: "Það þýðir ekkert. Þeir eru löngu uppkeyptir þar."

Auk þessa er vert að minna á, að eftir að Flugleiðir tóku við rekstri Hótel Esju hefur starfsfólki þar verið fækkað um þriðjung á meðan fjöldi gesta hefur aukist um helming.

Gróði Flugleiða kemur af sívaxandi arðráni og launaþrælkun á starfsfólki félagsins.

ÚREINU ÍANNAÐ

Enn gerast miklar hræringar á vinstri kantinum. Trottarnir í Fylkingunni hafa nú hreinsað dálítið til hjá sér, þeir sem koma ekki auga á dýrð Trotskís (sennilega er ævisaga hans skyldulesning) fá reisupassann. Að sögn trottanna sjálfra þá mun þessari hreingerningu ljúka um áramót n.k., verður þá búið að fara í öll skúmaskot á Laugavegi 53a og uppræta allar villur, jafnt hugsanavillur sem aðrar. Annars er ævisaga Trotskís soldið merkileg bók. Ég dreg það í efa að margar sjálfsævisögur séu skrifaðar af jafn miklu innsæi um eigið ágæti sem hún. Í raun réttri er núverandi titill bókarinnar (Ævi mín) villandi; réttur titill væri Ævi mín og ástir, því ást Trotskís á sjálfum sér var næsta takmarkalaus. (Nú höfum við fregnað frá Akureyri að búið sé að íslenska orðið trotskismi. Framvegis útleggst það þrotskítur.)

Margir muna hin fleygu orð heimsvaldasinnans Churchill "aldrei hafa jafn fáir gert jafn mikið fyrir svo marga" - eða eitthvað á þá leið. Þessi orð má heimfæra upp á Gústaf (b) Skúlason og lið hans í KSML(b). Að vísu þarf að staðfæra þau örlítið. Ein tillaga hljóðar svona: "aldrei hafa jafn fáir rifist jafn mikið um svo lítið." En þeir sem hafa verið svo heppnir að líta augum nýjasta eintakið af Bolsévíkanum (sem þeir kalla "Fræðilegt málgagn KSML(b)") munu átta sig á orðaleik okkar. Blaðið inniheldur akkúrat ekkert nema deilur innan þessara pínulitlu samtaka. Það er Holtavörðuheiðin sem skilur á milli hinna stríðandi herja KSML(b). Akureyrardeildin er í uppreisn gegn Reykjavíkurdeildinni og fer hver sínu fram. Guðmundur Ármann lýsir því á þessa leið: "þá eru greinilega tvær námsnefndir í gangi í samtökunum, önnur fyrir R.deildina og hin fyrir Ak.-deildina og (er) það í raun svo farið með flest" (Bolsévíkinn 2. tbl. 1. árg. ekkert bls. tal). Sem sagt klofnir í öllum spurningum að eigin sögn. Það er athyglisvert að þetta lið, sem klauf sig út úr KSML vegna ágreinings um ákveðið mál, er nú sjálft klofið vegna ágreinings um sama mál!

Stefnuskrá Alþýðubandalagsins hefur nú komið fyrir sjónir okkar dauðlegra. Ritið er ódauðlegt - sem minnisvarði yfir úrkynjun sósíalískrar hreyfingar á Íslandi. Það er víða komið við í stefnuskránni (við gerum henni betri skil seinna), en eitt vantar fullkomlega; það er hvergi minnst á alræði öreiganna. Mikið er talað um stéttabaráttu - en aldrei um alræði öreiganna. Lenín kannaðist við svona endurskoðun á marxismanum, og hann sýndi fram á hvað það þýddi í rauninni að viðurkenna stéttabaráttuna en ekki alræði öreiganna: "Að takmarka marxismann við kenninguna um stéttabaráttuna, það er að sníða utan af honum, afbaka hann og fella svo úr honum að hann verði aðgengilegur fyrir borgarastéttina. Til þess að vera marxisti þarf að viðurkenna stéttabaráttuna í svo víðtækum skilningi, að það feli í sér viðurkenningu á alræði öreiganna. Í þessu felst meginmunurinn á marxista og venjulegum smáborgara (og raunar einnig stórborgara). Þetta er prófsteinninn á það, hvort menn í raun og veru skilja og viðurkenna marxismann" (Ríki og bylting, bls. 42).

Og það er hreinsað til víðar en í Fylkingunni. Nú hefur Sigfús Daðason verið hrakinn frá Máli og Menningu. Hann passar ekki í hið nýja straumlínulag Alþýðubandalagsins. Þröstur Ólafsson yfirtekur störf hans og starfar eflaust í anda AB. Það er hin s.k. klíka í kringum Magnús Kjartans sem beitir sér til að losna við Sigfús, sennilega er Sigfús ennþá "ofmikill sósíalisti!" og passar því alls ekki í kramið. Margur gamall baráttumaður, sem enn bindur vonir sínar við AB, mun furða sig á þessari aðför. En svo eru það aðrir sem skoða málin á raunsærri hátt og sjá hér enn eitt dæmið um úrkynjun AB.

Og nú frá vinstri yfir til hægri. Nú virðist sem lítil, alíslensk Vatnsgátt sé að opnast í Sjálfstæðisflokknum. Albert Guðmundsson er ein höfuðpersónan, eltur af "morðsveitum" eins og hann kaus að kalla það. Albert á sér marga óvildarmenn innan flokksins, það kom skýrt fram í síðustu kosningum - enginn frambjóðandi var strikaður jafn oft út af lista flokksins á kjörseðlunum. Sá sem komst næstur honum var Gylfi Þ. - enda telja margir alþýðuflokksmenn hann ábyrgan fyrir fylgishruni Alþýðuflokksins. En Alþýðublaðið kemur við sögu í Vatnsgáttinni. Það virðist sem "morðsveitirnar" nýti sér Alþýðublaðið og láti sögurnar leka til þess. Alþýðublaðið hefur verið brautryðjandi í afhjúpun Ármannsfellsmálsins, enda yrði það of augljóst ef Mogginn eða Vísir væru notaðir í "skítverkin." Dagblaðið kemur ekki til greina - því einn af hluthöfum Ármannsfells er enginn annar en Sveinn R. Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Dagblaðsins.

-/Gorgeir

Frelsi

„Gagnrýnin á markaðskerfið er vantraust á gildi frelsisins."

Fyrirsögn Morgunblaðsins 23. maí 1975 á ræðu formanns Verslunarráðs Íslands, Gísla V. Einarssonar.

„Frelsið er svo skilið í borgaralegu þjóðfélagi, að það sé frjáls verslun, frjáls kaup og sala."

Karl Marx og **Friedrich Engels:** Kommúnistaávarpið.

Hvern styðja kínverjar í Angóla

Það hafa verið miklar umræður innan vinstri hreyfingarinnar um Angóla að undanförnu. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ýmsir, aðallega alþýðubandalagsmenn og trotskistar Fylkingarinnar, hafa veðjað ákveðið á eina af þremur þeirra hreyfinga í Angóla sem hafa barist gegn yfirráðum Portúgal. Það hefur reynst frekar erfitt að afla haldgóðra upplýsinga um ástandið, en samt sem áður hafa þessir fyrrnefndu fylgjendur AB og Fylkingarinnar treyst sér til að fordæma tvær hreyfinganna, FNLA og UNITA, um leið og að þeir lýsa yfir stuðningi við MPLA. Inn í þetta blandast svo þáttur kínverja og meintur stuðningur þeirra við FNLA. Trotskistar og moskvudindlar halda sig með pálmann í höndunum og útmála mjög þetta "skýra dæmi" um ranga utanríkispólitík kínverja. Ekki hafa hinir opinberu fjölmiðlar einfaldað málið, í fréttum er MPLA yfirleitt nefnd "hin marxíska hreyfing" (en talsmenn MPLA hafa mótmælt þessari lýsingu á samtökunum) og FNLA er "and-kommúnísk." Ekki bætir það málstað kínverja hjá trotskistunum að þeir styðja einmitt hið "and-kommúníska" FNLA, að sögn trotskistanna.

Í 8. tbl. Stéttabaráttunnar var birt grein úr Peking Review þar sem bent var á þátt Sovétríkjanna í málinu og þátt þeirra í herferðinni gegn Kína. Ýmsir hafa gagnrýnt þessa grein og talið hana lítt útskýrandi. Að vissu marki á þessi gagnrýnir rétt á sér - því þetta er það fyrsta sem blaðið birtir um málið og hefði því mátt fylgja því betur úr hlaði. Til þess að bæta úr þessu birtum við nú úrdrátt úr viðtali alsírska blaðsins "El Muodjahid" við Lucio Lara, sem sæti á í pólitískri nefnd miðstjórnar MPLA. Viðtalið er að vissu leyti svar við yfirlýsingum Holden Roberto, forseta FNLA, um að "allir mínir hermenn eru þjálfaðir af kínverjum." Eitt þeirra atriða sem athygli vekja er einmitt umsögn Lucio Lara um stuðning kínverja við MPLA, en því hefur verið haldið fram að hann sé alls ekki til staðar. Viðtalið er frá 7. júní í ár.

SP: Holden Roberto hefur lýst því yfir nýlega að "allir hermenn okkar eru þjálfaðir af kínverjum." Hver er þín skoðun á þessari yfirlýsingu?

- Ég álít að hún komi á óheppilegum tíma. Hún kemur á sama tíma og allir ábyrgir forystumenn frelsishreyfinganna í Angóla eru að reyna að skapa forsendur fyrir því að næsti fundur okkar verði árangursríkur. MPLA og UNITA buðu forseta FNLA til Angóla til þessa fundar. Ástandið í Angóla er mjög alvarlegt núna, og forystumennirnir ættu að taka tillit til þessa ástands þegar þeir gefa sínar yfirlýsingar, þeir ættu að leitast við, á heiðarlegan hátt, að gera ástandið ekki enn flóknara. Þeir ættu heldur að reyna að skapa andrúmsloft sem leiðir það af sér að umræðurnar fyrir fundinn beri ávöxt.

- Það vekur furðu mína að Holden forseti skuli nú fara að ræða um þjálfun manna sinna, sem hann kallar "sína hermenn." Hann kemur þannig fram að því er helst að líkja við messugjörð - pólitíska messu. Við gætum einnig haldið því fram að herlið okkar hljóti þjálfun hjá kínverjum. En um hvað snýst þá málið? Til hvers væru svona yfirlýsingar gefnar? Við erum nýkomnir úr heimsókn til Kína. Við vorum þar og við ræddum við kínverks stjórnvöld um vandamál Angóla og við höfum sannreynt að kínverjar hafa áhuga á þeim. Og það er ósköp eðlilegt þar sem að Kína er eitt helsta ríkið sem styður frelsisbaráttuna - einmitt með stuðningi við MPLA. Samband okkar við Kína nær ekki aðeins eitt ár aftur í tímann eða aðeins nokkur ár, það má rekja það samband allt aftur til þess tíma er vopnaða baráttan hófst. Og þótt þessi tengsl hafi ekki ætíð verið náin, þá hafa þau ætíð verið mjög hjartanleg og umfangsmikil. Við virðum skoðanir kínverja á vissum vandamálum, jafnvel þótt við séum þeim ekki sammála, en við virðum þær á sama hátt og kínverjar hafa virt afstöðu MPLA. Okkur hefur tekist að nýta möguleikana á árangursríku samstarfi. Kína hefur samþykkt að þjálfa nokkrar herdeildir okkar. Og Kína hefur hjálpað okkur efnislega á allan hátt.

- Til hvers er sögunni um þjálfun kínverja á hermönnum FNLA fleygt í fjölmiðla? Hvað er verið að gefa í skyn? Við skoðum þetta sem prédikun. Þeir þykjast sanna eitthvað, þeir þykjast græða á þessari afstöðu kínverja - en þetta er ekki ætlun kínverja, það er ég viss um.

SP: Að hverju er stefnt með svona yfirlýsingum? Er verið að reyna að öðlast ákveðinn pólitískan lit?

- Svo virðist. Reynt er að notfæra sér aðstoðina sem kínverjar veita FNLA, aðstoð sem þeir veita einnig MPLA og UNITA. Þeir reyna að telja mönnum erlendis trú um að þeir einir njóti aðstoðarinnar. Mér finnst þetta ábyrgðarlaus afstaða og ég tel að þær starfsaðferðir sem viðhafa verður verði að vera mun raunhæfari og að þær beinist gegn raunverulegum vandamálum sem krefjast mikillar athygli.

SP: Þér eruð nýkomnir frá Kína, hver er áþreifanlegur árangur þeirrar ferðar?

- Þessi ferð er liður í vanalegum tengslum kínverskra stjórnvalda og MPLA. Við höfum átt árangursrík tengsl við kínverska forystumenn, bæði hjá flokknum og ríkisstjórninni. Við höfum skifst á skoðunum um alþjóðaástandið núna og sérstaklega var rætt um ástandið í löndum okkar.

- Við erum mjög ánægðir yfir þeirri vitneskju okkar að kínverjar hafa mikinn áhuga á þeim aðgerðum sem stefna að samvinnu frelsishreyfinganna þriggja í Angóla. Kínverjar lýstu því yfir að þeir væru reiðubúnir til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að samvinnan geti skilað árangri. Okkur er kunnugt um að Kína hefur samvinnu við allar þrjár frelsishreyfingarnar og við álítum það mjög jákvæða afstöðu.

-/hh þýddi úr sænsku

Samningar Ísraels og Egypta

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarna daga um "hina langþráðu" samninga milli egypta og ísraela um vopnahlé og skuldbindingar um að leysa deilumál sín friðsamlega. En hvað inniber þetta samkomulag fyrir þjóðir araba og sérstaklega palestínuaraba?



Yasir Arafat leiðtogi PLO.

Eins og leiðtogar PLO hafa bent á, þýðir "friður" í Sinaí-eyðimörkinni ekki frið um öll miðausturlönd. Samningar ísraela og egypta fela í sér tímabundinn frið á suðurvígstöðvunum, en ísraelar hafa enn sína hentisemi með árásir gegn Líbanon og Sýrlandi. Þegar samningarnir eru gerðir virðast samningsaðilar leggja sig í líma við að líta fram hjá mikilvægasta atriðinu í öllum deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs: Rétti palestínuaraba til sjálfsákvörðunar í eigin landi. Yasir Arafat er einn harðasti gagnrýnandi samkomulagsins, og hann hefur bent á 3 atriði er menn skyldu taka með í reikninginn er þeir meta samninginn:

1) Hið svokallaða "verð" sem Bandaríkin borga Ísrael fyrir smávægilegar tilfærslur á víglínunum er nýtískulegasta vopnabúr sem nokkuð ríki hefur fengið í hendur síðan Bandaríkin jusu vopnum og vistum til Thieu-klíkunnar í S-Víetnam í árslok 1972. Samkomulagið felur í sér algera endurhervæðingu Ísraels með 3,3 billjón dollara aðstoð Bandaríkjanna, eða rúmlega 1000 dollara aðstoð á hvert mannsbarn í Ísrael.

2) Samkomulagið gengur algerlega fram hjá rétti palestínuaraba, þrátt fyrir þá staðreynd að PLO er í dag viðurkennt af 105 ríkjum og SÞ hafi viðurkennt rétt þeirra til sjálfsákvörðunar.

3) Samningarnir fela raunverulega í sér rétt Bandaríkjanna til íhlutunar um málefni í miðausturlöndum. Þegar Bandaríkin hófu íhlutun í Víetnam árið 1954 var það með efnahagsaðstoð og með að senda "nokkra" hernaðarráðgjafa og sérfræðinga. Aðstoðin við Ísrael er staðreynd, og sérfræðingarnir og hernaðarráðgjafarnir munu taka við rekstri radar- og njósnastöðva ísraelsmanna á Sínai.

Auk þessa hefur Arafat bent á, að ísraelsmenn túlka vopnahléð á suðurvígstöðvunum sem rétt til að ráðast með meiri þunga gegn aröbum á norður-vígstöðvunum, eins og vaxandi árásir þeirra gegn flóttamannabúðum í Líbanon sýna.

Þannig er samkomulag ísraelsmanna og egypta ekki "friðarsamkomulag" heldur eykur það á stríðshættuna. Palestínumenn eru reiðubúnir að berjast til þrautar fyrir rétti sínum, og tilraunir stórveldanna til íhlutunar munu ekki hindra þá.

-/ÓI

Sovéska sósíalheimsvaldastefnan reynir efnahagslegar þvinganir gegn Íslandi!

Síðastliðið vor fóru fram umfangsmestu flotaæfingar Sovétríkjanna til þessa á Norður-Atlanshafi. Þessar flotaæfingar, sem gengu undir nafninu OCEAN '75 miðuðust beinlínis við innrás flotans í strandríki og vöktu mikla reiði í Noregi og víðar. Enginn vafi er á, að þessar flotaæfingar þjóna þeim tilgangi einum, að undirbúa árásarstyrjöld, innrásir í lönd á N-Atlanshafssvæðinu, eins og t.d. Noreg og Ísland.

Sovéski björninn ógnar sjálfsákvörðunarrétti Norðurlanda


OCEAN '75 flotaæfingarnar eru liður í mögnun vígbúnaðar og hervæðingar Sovétríkjanna á norðurslóðum og samhliða þeim hafa sósíalheimsvaldasinnarnir aukið umsvif sín í öðrum heimshlutum, fyrst og fremst á Indlandshafi, í Miðjarðarhafi og á Barentshafi. Sovétmenn hafa t.d. byggt stærstu flotastöð heimsins á Kólaskaga, þaðan sem gífurlegur flotafli heldur út á N-Atlanshafið til "eftirlitssiglinga," heræfinga og njósna. Nýverið hófust enn flotaæfingar við N-Noreg og fara þær fram innan við 200 sjómílur frá ströndum landsins. Sovétríkin hafa fylgt þeirri línu í landhelgismálum, að viðurkenna ekki 200 mílna fiskveiðilögsögu, landhelgi eða neins konar réttindi strandríkja. Þeir hafa ásamt bandaríkjastjórn lagt áherslu á "rétt" sinn til rannsókna og siglingafrelsi sitt, en í raun réttri þýðir þetta að risaveldin krefjast "réttar" fyrir herflota sinn til "eftirlits" og siglinga upp að ströndum annarra landa, "réttar" til að veiða á fiskimiðum annarra þjóða og "réttar" til að senda njósnaskip sín upp í landsteina annarra ríkja, dulbúin sem "rannsóknarskip." Ráðstefnur og yfirlýsingar risaveldanna beggja um "frið og detente" gegna aðeins því hlutverki að breiða yfir herbúnað og styrjaldarundirbúning risaveldanna, í orði lýsa þau yfir friði, en í verki standa þau að víðtækum heræfingum, njósnum og "eftirliti" með efnahagi og pólitík annarra ríkja. Á þennan hátt ógna Sovétríkin sjálfsákvörðunarrétti Norðurlanda, reyna að tryggja stöðu sína og yfirráð yfir þeim í harðri baráttu gegn bandarísku heimsvaldastefnunni sem er á stöðugu undanhaldi.

Sovétríkin setja skrúfstykki á íslensku ríkisstjórnina

Eins og kunnugt er hafa Sovétríkin mótmælt útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar út í 200 sjómílur í sérstöku skjali, sem sovéski sendiherrann afhenti íslensku ríkisstjórninni, ekki alls fyrir löngu. Þar með brjóta Sovétríkin gróflega gegn sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar, því það á að vera á valdi íslensku þjóðarinnar einnar, hverjar ákvarðanir verða teknar í landhelgismálinu. Það á að vera fullur og óskoraður réttur sérhverrar þjóðar, að fá að nýta auðævi lands síns í friði og allar íhlutanir í slík mál, ber að skoða sem fjandsamlegar tilraunir til yfirgangs og stórveldakúgunar. Sovétríkin gera sig einmitt sek um slíka stórveldakúgun. En þau ganga lengra. Íslendingar hafa keypt alla sína olíu frá Sovétríkjunum, og þegar olíukreppan svokallaða leiddi til gífurlegrar hækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu, notaði endurskoðunarsinnaklíka Brésnéfs sér tækifærið til að stórhækka verðið á sovéskri olíu. Með þessu hafa þeir á vissan hátt komið skrúfstykki á íslensku ríkisstjórnina, því að síldarsalan og ullarvörusalan til Sovétríkjanna hefur hingað til byggst á vöruskiptum, þ.e. gengið upp í olíukaup og fleira. En nú bregður svo við, einmitt þegar olían hefur verið stórhækkuð og Sovétríkin hafa mótmælt útfærslu í 200 mílur, að samningar um síldarkaupin dragast á langinn, reynt er að prútta verðið á síldinni langt niður og hótað að kaupa minni síld en áður hafði verið lýst yfir. Þessar aðgerðir sovésku samninganefndarinnar geta ekki skoðast öðruvísi en sem efnahagslegar þvinganir gagnvart Íslandi, tilraunir til að beygja landhelgispólitík íslensku stjórnarinnar undir sovéska hagsmuni og gera Ísland skuldbundið sósíalheimsvaldasinnunum. Íslenska ríkið skuldar yfir 10 milljarði íslenskra króna fyrir olíukaup, og verði reyndin sú, að Sovétríkin kaupi síldina í minna mæli og fyrir lægra verð, munu efnahagsþvinganir sovésku heimsvaldasinnanna örugglega leiða til aukinna ítaka þeirra í íslenskum innanríkismálum. Sovéskir verksmiðjutogarar "skrapa" þegar íslensku miðin og til að vernda þessa "sovésku" hagsmuni, reyna endurskoðunarsinnarnir nú að þvinga íslensku ríkisstjórnina til að bakka í landhelgismálinu. Krafa okkar er: engar íhlutanir erlendra heimsvaldasinna í íslenskum innanríkismálum. Íslensk alþýða þekkir yfirgang bandarísku heimsvaldastefnunnar og undirlægjuhátt íslensku borgarastéttarinnar gagnvart henni. En hún þekkir ekki eðli sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar, þess vegna er full ástæða til árvekni.

-/KG

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000



Sovéskur skuttogari á Íslandsmiðum.

WILFRED BURCHETT

Framhald af forsíðu

Dr. Thu sagði, er hann skýrði mér frá öðrum vandamálum, að daginn fyrir frelsunina hefði lögreglan yfirgefið fangelsin og 7000 venjulegir glæpamenn sloppið og komist yfir vopn sem leppherirnir skuldu eftir á strætum úti. Stríðið hefði skilið eftir 200.000 munaðarleysingja, sem ættu feður meðal amerískra, ástralska, suður-kóreanskra og annarra innrásarherja. Og hann sagði að borgin hefði einnig verið full af tugum þúsunda nýkominna flóttamanna frá orrustunni sem fór á undan frelsun hennar. Að minnsta kosti ein milljón manns hefði verið atvinnulaus hér fyrir frelsunina.

"Eitt sinn gekk Saigon undir nafninu "perla austurlanda", en við fundum aðeins risastóran ruslahaug," hélt dr. Nguyen Van Thu áfram. "Rusli hafði ekki verið safnað í tvær vikur fyrir frelsunina, og hvað sem því líður, þá voru ekki nema 120 öskubílar fyrir þessa stóru borg, sem hafði það í för með sér að rottur dreifðu farsóttum og auk þess voru tilfelli kóleru og bólusótt."

Eitt af fyrstu verkefnunum, sagði hann, var að hefja herferð, sem þegar hefur náð til tveggja þriðju hluta íbúanna. Samhliða ónæmisherferðinni fór mikil hreinsunaraðgerð, sem stúdentar stóðu aðallega að auk almennings. "Ef Saigon er ekki orðin "perla austurlanda", þá er hún mun hreinlegri og heilnæmari en fyrir frelsunina," sagði dr. Thu. Hún er vissulega mun hreinni en þegar ég heimsótti hana fyrst fyrir 21 ári.

Frá frelsuninni hefur vændi verið bannað og "næturklúbbum", ópíumbúllum og öðrum eiturlyfjakrám hefur verið lokað. Meira en tveir þriðju af þeim glæpamönnum, sem tókst að sleppa og lögðust á fólk, hafa verið handsamaðir á ný, auk allra glæpaforingjanna, og hefur það fækkað glæpum gífurlega. Alþýðan átti stóran þátt í að handsama glæpamennina, sem venjulega unnu saman tveir og tveir á Honda-mótorhjólum. Frelsisherirnir lögðu upp einfalda baráttuaðferð, skutu aðvörunarskotum til að gefa fólkinu og umferðinni merki um að stoppa, á meðan glæpamennirnir voru umkringdir á Hondahjólum sínum.

Dr. Thu benti á það, að íbúar þeirra svæða, sem áður höfðu verið frelsuð, hefðu átt við matarskort að stríða. "En," sagði hann, "vegna yfirfulls og óheilnæms húsnæðis, stöðugs vítamínsskorts og skorts á hvers konar læknishjálp, var heilsa fátækra saigonbúa, sem voru meirihluti íbúanna, til muna verri en þeirra, sem voru á fyrr frelsuðu svæðunum er hafði verið lokað."

Frelsisstjórnin leggur sérstaka áherslu á að ná upp iðnaðar- og annarri framleiðslustarfsemi til þess að grynnka á atvinnuleysinu, sem hafði aukist vegna tilkomu 300.000 fyrrum leppharmanna frá saigonsvæðinu.

„Grænlendingar eru ofurseldir svívirðilegri nýlendu kúgun“

Eftirfarandi viðtal var tekið þ. 11/9 við hjónin Bendo og Guðmund Þorsteinsson og Karen Kristiansen. Bendo og Karen eru systur, fæddar og uppaldar á Grænlandi. Guðmundur hefur dvalið í langan tíma á Grænlandi við ýmsa vinnu. M.a. hefur hann ekið leigubíl og unnið í fiskiðnaði. Þau hjónin og Karen eru miklir áhugamenn um málefni Grænlands og grænlendinga og hafa unnið að ýmis konar upplýsingaöflun sem flettir ofan af þeirri nýlendukúgun sem grænlendingar eru beittir af dönum.



Suju mut, málgagn Ráðs ungra grænlendinga.

-Stb: Getið þið sagt okkur eitthvað um atvinnumál og atvinnuhætti á Grænlandi?

Bendo: Aðalframleiðslugrein Grænlands er fiskiðnaður, sem u.þ.b. einn þriðji hluti grænlendinga hefur framfæri sitt af. Í hafnarbæjunum eru fiskiðjuver sem rekin eru af danska ríkinu. Líka er nokkuð um verksmiðjur í eigu einstaklinga - allt dana.

Guðm.: Nú orðið er lítið um að grænlendingar lifi "uppá gamla stælinn," þ.e. af sjálfsþurftabúskap og veiðum. Allt frá 1950 hefur það verið stefna danska ríkisins að flytja fólkið frá smáþorpunum og inn í bæina. Við að framfylgja þessari stefnu hefur verið beitt svívirðilegum aðferðum. Ef embættismenn í Danmörku ákveða að byggð á einum stað skuli lögð niður og íbúarnir fluttir, eru þeir þvingaðir til þess ef þeir gera það ekki af fúsum vilja. Ekki fyrir löngu síðan voru 400 íbúar bæjarins Qugdligssad fluttir nauðugir til annars bæjar, vegna þess að kolanáma í grenndinni var hætt að bera sig og danska ríkinu fannst nauðsynlegt að færa til vinnuaflið. Til að þröngva fólkinu er aðallega beitt efnahagslegum þvingunum: Það hætta að koma skip með vörur, verslun staðarins er lögð niður, skólinn er lagður niður og bærinn vanræktur á sviði heilbrigðismála. Nokkrir ungir grænlendingar gerðu kvikmynd um brottflutninginn frá Qugdligssad sem lýsir mjög vel þessum atburði sem öðrum, sem átt hafa sér stað. Ég á von á að fá þessa kvikmynd hingað til lands.

-Stb: Nú hefur verið mikið í fréttum undanfarið um úthlutun á rétti til olíuborana við Grænland. 22 olíuauðhringum var gefinn sinn hver parturinn af grænlenska landgrunninu til að leita á. Þekkið þið það mál eitthvað?

Guðm.: Þessi úthlutun var gerð án nokkurs samráðs við grænlendinga, og á móti vilja þeirra. Þarna voru náttúruauðlindir landsins settar á uppboð og seldar í hendur alþjóðlegum auðhringum til að arðræna og græða á. Félagar í Ráði ungra grænlendinga í Danmörku hernámu grænlandsmálaráðuneytið til að mótmæla þessu og benda á hina svívirðilegu framkvæmd þessa máls. Auk þessa er fyrirhugað að flytja 2-3000 erlenda verkamenn til Holsteinsborg, sem vinna eiga við olíuna. Eins og endra nær voru grænlendingar ekkert að því spurðir, hvort þeir vildu fá þennan fjölda útlendinga í bæinn. Þessi bær telur ekki nema um 2500 manns og þú getur rétt ímyndað þér hvaða áhrif þetta hefur á hann. Þetta er eins og ef allt í einu yrðu fluttir 10.000 erlendir verkamenn til Akureyrar.

Karen: Þeir sem hernámu grænlandsmálaráðuneytið hefur verið refsað með því að reka þá úr skólum í Danmörku, svipta þá styrkjum o.þ.h.

-Stb: Nú vitum við að nýlendukúgun fylgir kynþáttamisrétti og annars konar ójöfnuður. Hvernig birtist það á Grænlandi?

Bendo: Það birtist á ýmsa vegu. T.a.m. er launamisrétti bundið með lögum, þannig að grænlendingar hafa lægri laun en danir. Danir sitja í öllum embættum með góð laun og mynda algera yfirstétt sem sker sig frá grænlendingum í efnalegu tilliti.

Guðm.: Þegar ég var að vinna þarna fékk ég greitt samkvæmt sama taxta og grænlendingar, 8 krónur danskar á tímann. Þá fengu dönsku verkamennirnir 15 krónur á tímann, auk bónusa, staðaruppbótar og skattfríðinda. Það sem ræður laununum er hvar þú ert fæddur. Samkvæmt lögum færðu hærra kaup ef þú ert fæddur í Danmörku. Á Grænlandi eru þrisvar sinnum fleiri vinnandi grænlendingar en danir, en heildartekjur allra dana eru örlítið hærri en heildartekjur allra grænlendinga. Þannig hafa danir að meðaltali 3svar sinnum hærri laun. Þeir einu sem eitthvað nálgast að hafa sömu tekjur og danir er örlítill hópur "daniseraðra" grænlendinga sem einkum er að finna í kringum verslunina og í skriffinnskunni.

Bendo: Annað dæmi um kynþáttamisrétti... Annað dæmi um kynþáttamismuninn er, að unnið er að því að útrýma grænlenskunni og menningararfleifð grænlendinga. Þegar börnin koma inn í skólana, og tala þá eðlilega ekkert annað en grænlensku, er skellt niður á borðið fyrir framan þau kennslubók á dönsku, kennarinn er danskur og öll próf fara fram á dönsku. Afleiðing af þessari kúgunarstefnu í menningarmálum er sú, að í dag eru aðeins 13 af tæpl. 50 þús. manna þjóð í framhaldsnámi við æðri skóla. Grænlendinga, útskrifaða úr háskólum má telja á fingrum sér, og margir sem fara út í framhaldsnám hætta áður en þeir ljúka námi.

Framlög dana til bókasafna eða annarra menningamiðstöðva eru engin. Það er alltaf talað um að "seinna meir eigi grænlendingar sjálfir að taka við stjórn landsins," en viðhorf dana til þessa er slíkt að þetta eru bara orð. Þeir byggja ekkert upp efnalega eða menningarlega, þeir rífa bara niður. Viðhorf þeirra til grænlendinga er, að þeir séu að eðlisfari ófærir um að vinna nokkurt gagnlegt og geti ekki ráðið sér sjálfir. Þjóðin sé misheppnuð frá náttúrunnar hendi. Þetta er sama viðhorfið og allar nýlenduþjóðir hafa haft til undirokaðra nýlendna.

Guðm.: Danir hafa sagt við mig á Grænlandi, að að þeirra mati sé þjóðin að upplagi framtakslaus og henni sé eins gott að lúta forsjá dana. Þannig er alið á minnimáttarkennd.

-Stb: En er ekki einhver skipulagður hópur sem hvetur til pólitískrar baráttum gegn yfirráðum dana?

Guðm.: Það er nú fyrst að koma upp t.d. með Ráði ungra grænlendinga. Þeirra eina stefnumál og harðasta stefnumál er sjálfstætt Grænland. Meðal þeirra er m.a. að finna menn sem telja vopnaða baráttu gegn dönum vera einu leiðina. Þessir menn stýra raunverulega baráttunni frá Danmörku, þar sem þeir eru flestir búsettir.

-Stb: Er atvinnuleysi mikið í Grænlandi?

Bendo: Já, gífurlega mikið. Það má t.d. segja að á veturna lifi meirihluti grænlendinga á atvinnuleysisstyrkjum. Þetta hefur haft í för með sér geigvænleg félagsleg vandamál. Atvinnuleysið kemur róti á fjölskyldurnar og þær sundrast. Drykkjuskapurinn verður eina athvarfið, börnin fara á vergang og hætta í skóla o.s.frv. Þetta er bein afleiðing af þeirri stefnu dana að rífa niður hið forna efnahagsskipulag og menningu grænlendinga en byggja ekkert í staðinn.

-Stb: Nú er ekki minnst á Grænland öðruvísi en tala um áfengisvandamálin þar. Það er klárt, að ekki hafa grænlendingar verið drykkfelldir frá örófi alda, getið þið eitthvað sagt okkur um sögu þessa vandamáls?

Guðm.: Allt fram til 1950 var Grænland lokað land. Fram að þeim tíma er ekki vitað til þess að áfengi væri þar neitt vandamál. Á þeim tíma var Grænland enn veiðimannaþjóðfélag þar sem byggðin var strjál og bæir mjög fáir. Eftir 1950 byrjuðu danir að reyna að safna fólkinu í færri og stærri bæi, og markmiðið var að gera þá að dönum. Blokkahverfi voru reist sem fljótlega urðu ekkert annað en fátækrahverfi í orðsins fyllstu merkingu. Til að slæva fólkið og brjóta niður mótstöðu gegn dönum og menningarlegt sjálfstæði er brennivíninu þröngvað uppá þjóðina. Og fljótlega verður það eina athvarfið til að draga sig út úr eymdinni - það verður að einhvers konar hulu til að draga yfir sig og gleyma stund og stað. Tökum dæmi um hvernig danir beita þessu: Þegar skip kemur, þá er alveg vitað hvað er í annarri lestinni: Í efri lestinni eru vörur, en þeirri neðri er endalaust magn af brennivíni og bjór. Brennivín er alls staðar selt: Í sjoppum, matvörubúðum, skemmtistöðum, alls staðar. Meðan ekkert er byggt af bókasöfnum eða menningarmiðstöðvum er vínveitingarstöðum og krám fjölgað. Þú getur keypt brennivín alls staðar, en t.d. nýmjólk er ófáanleg. Það eru engar kýr á Grænlandi.

Bendo: Það er búið að breyta grænlendingnum. Hann er ekki lengur eskimói og hann getur ekki orðið að dana. Grænlendingurinn veit ekki lengur hvað hann er. Nýlendustefnan hefur náð því að breyta grænlendingnum í rekald á sjálfsvitundar. Það er ekki fyrr en núna með baráttu unga fólksins að byrjað er að berjast gegn þessu.

Guðm.: Ég er hérna með tölur yfir áfengisneyslu grænlendinga. Árið 1971 er ársneysla á íbúa yfir 14 ára aldri af hreinum vínanda 15,1 líter. Til viðmiðunar má taka Noreg, þar sem ársneyslan er 5,5 lítrar af hreinum vínanda, og Ísland, 3,0 lítrar á mannsbarn. Í dag er neyslan á íbúa eldri en 14 ára í Grænlandi 19 lítrar á ári af hreinu áfengi. Þú getur rétt ímyndað þér drykkjuna. Um helgar fór t.d. Julienhåb eins og hann lagði sig á skallann. Það voru allir fullir. Ég sá þetta mjög vel, því ég ók leigubíl þarna og var alltaf að vinna þegar aðrir voru ekki að vinna. Það var hending að sjá ódrukkinn mann. Það er ljóst, að stærsta vandamál grænlendinga er drykkjan.

-Stb: Nú er annar hlutur en bara áfengisneyslan sem tröllasögur fara af hér á Íslandi. Maður heyrir heldur varla talað um Grænland að ekki fylgi afskaplega niðrandi frásagnir af grænlensku kvenfólki. Hvert er viðhorf dana til grænlenskra kvenna?

Guðm.: Þegar þú ert spurður að þessu hérna heima, spyrja menn ekki hvernig grænlenska konan sé. Þeir spyrja: Er hún svona? Menn hafa yfirleitt fyrirfram myndað sér skoðun út frá einhverjum sögum, og um leið og þeir spyrja gefa þeir svarið líka. En flestir danir líta á grænlenskt kvenfólk sem eitthvað sem er 100% öruggt að ná sér í hvenær sem er. Þetta eru þær hugmyndir sem þeir hafa þegar þeir koma til Grænlands til að vinna. Þeir fá þessar hugmyndir úr blöðum og sorpritum í Danmörku, og þetta eru þær hugmyndir sem danska yfirstéttin telur best hæfa. Niðurlægingin og kúgunin sem grænlendingar búa við, upplausnarástand heimilanna og fátæktin, leiða eðlilega til þess að nokkuð er um að stúlkur leiðist út í ólifnað og sukk - oft til að ná í pening. En það eru undantekningar en ekki regla.

-Stb: Hver er réttarstaða þessara stúlkna ef þær búa með dana eða giftast honum?

Bendo: Engin. Daninn getur sparkað stúlkunni ef hann kærir sig um, og lög og almenningsálit fylgja honum að málum. Það eru mörg sorgleg dæmi um þetta, og oft liggur þá leið stúlknanna beint ofaní Istedgade.

-Stb: Er grænlenska alþýðusambandið, GAS, eitthvað starfandi til að berjast gegn kúguninni?

Bendo: Þeir berjast aðallega fyrir hærri launum. En staða þess er ákaflega slæm. Það hefur staðið fyrir verkföllum, en þau hafa verið brotin á bak aftur. Ef danska ríkisstjórnin ákveður eitthvað þýðir ekkert að ætla að breyta því. Verkföllin eru brotin á bak aftur. Raunverulega hafa grænlenskir verkamenn ekki verkfallsrétt og ef þeir reyna eitthvað er allt ríkisapparat danska nýlenduveldisins sett af stað til að brjóta það á bak aftur. Verkfallið er algerlega hunsað og afleiðingin er: Ekkert unnið þá engin laun.

-Stb: Nú hafa grænlendingar unnið hér á landi um lengri og skemmri tíma. Þekkið þið eitthvað hvernig komið var fram við þá?

Guðm.: Það voru tveir sem unnu hér á bóndabæ í 14 mánuði. Þeir höfðu ráðið sig uppá 2000 kr. danskar á mánuði. Þá var danska krónan 16 kr. Þeir unnu alla daga og um helgar frá morgni til kvölds, og sáu aldrei aur. Þegar þeir fóru fengu þeir mun minna útborgað en reiknað hafði verið með, því bóndinn hafði haldið áfram að reikna krónuna á 16 kr. þrátt fyrir gengisfellingar, sem hefðu átt að hækka laun þeirra. Þegar þeir rifust yfir löngum vinnudegi var þeim bent á einhver lög sem sögðu "að 40 stunda vinnudagur væri lögskipaður hjá öllum nema vinnuhjúum." Bændur gengu á lagið með þetta. Af knöppum launum var dregið fæði og húsnæði og skattar, svo eftirtekjan varð sáralítil. Þetta er ekkert annað en launaþrælkun af svívirðilegasta tagi. Við reyndum að leiðrétta hag þeirra, við töluðum við ASÍ og lögfræðing, en lögin voru algerlega á bandi bændanna. Svona framkoma er auðvitað ekki algild, en í þetta skipti var hún svínsleg. Þegar grænlendingar eru gabbaðir til að þræla á íslenskum bóndabæjum er það gert undir því yfirskini að þeir séu að fara til að læra nýja tækni við búskap. Síðan vinna þeir mest á kúabúum og kringum kýr, en hafa fremur lítið upp úr því, sökum þess að það eru engar kýr á Grænlandi.

-Stb: Ekki er um að ræða formlega einokun á Grænlandi? Var henni ekki aflétt árið 1950?

Guðm.: Í orði en ekki á borði. Öll verslun og þjónusta er svo að segja eingöngu í höndum Konungsverslunarinnar. Sama má segja um samgöngur til og frá Grænlandi og innan Grænlands. Þær eru eingöngu miðaðar við að þjóna gróðahagsmunum hennar. Sem dæmi má nefna, að yfir veturinn eru aðeins 3 flugferðir frá Syðri Straumfirði yfir í Kulusuk. Konungsverslunin rekur öll hótel á Grænlandi, og þau eru svo dýr að enginn grænlendingur hefur efni á að koma þar inn fyrir dyr.

-Stb: En hvernig koma Flugleiðir inn í dæmið? Nú fljúga þeir um 50 ferðir á sumrin til Grænlands.

Guðm.: Það er nú bara gert til að græða á því, en ekki til að þjóna grænlendingum. Þeir fljúga til Kulusuk, sem er lítill bær langt frá alfaraleið. Þar hafa þeir fundið gróðalind. Þangað flytja þeir þúsundir manna í dagferðir á sumrin undir því yfirskini að sýna þeim eskimóa og frumstætt þjóðfélag. Þessu þorpi er haldið við einungis til að vera sirkus fyrir túrista. Þorpinu er algerlega haldið niðri og frá því að þróast. Fólkið er látið berja í bumbur og haga sér eins og hálfvitar, allt til að Flugleiðir geti grætt. Enda er viðhorfið til íbúanna þannig. Fararstjórarnir virðast líta á þetta eins og ferð í dýragarðinn. Farþegunum er uppálagt " að muna eftir sælgæti handa börnunum" alveg eins og maður gefur öndunum niðrá tjörn brauð. Þetta er alveg það sama og með sýningarnar á indíánaþorpum í Bandaríkjunum. Svo þegar ferðamannatímabilinu lýkur leggst bærinn í dvala og bíður næsta sumars. Íbúum þessa bæjar er haldið niðri af Flugleiðum, og þeim hreinlega menningarnauðgað. Þetta er svívirða sem ætti að stoppa. Ég hef verið þarna sjálfur, ekki á vegum Flugleiða vel að merkja, og ég veit vel hvert er hlutskipti þessa fólks sem Flugleiðir hafa að sýningargripum.

-Stb: Að lokum, hvernig hyggist þið styðja grænlendinga og baráttu þeirra?

Guðm.: Við ætlum að ná saman hóp grænlandsvina sem vinna mun að því að kynna málstað grænlendinga og vekja menn upp til baráttu gegn svívirðu danska nýlenduveldisins. Við erum nú að fara af stað með leshring um Grænland sem kemur til með að vinna út upplýsingar um þessi mál. Þannig munum við vafalaust fara af stað með einhverja útgáfustarfsemi til að kynna málstaðinn. Líka ætlum við að leggja okkur fram um að hjálpa grænlendingum hér á landi til að ná fótfestu. Þá ætlum við að kynna menningu grænlendinga og vinna að því að fá íslensku ríkisstjórnina til að styðja grænlendinga t.d. með því að veita námsstyrki. Ég vildi nota tækifærið og skora á alla að styðja þennan réttláta málstað og taka þátt í þessu starfi.

-/Öl, HH



Bendo, Karen og Guðmundur: "Byggjum upp stuðning við baráttu grænlensku þjóðarinnar."

Í dag eru aðeins 13 af tæpl. 50 þús manna þjóð í framhaldsnámi við æðri skóla.

Danir sitja í öllum embættum með góð laun og mynda algera yfirstétt.

Til að slæva fólkið og brjóta niður mótstöðu gegn dönum og menningarlegt sjálfstæði er brennivíninu þröngvað uppá fólkið.

Raunverulega hafa grænlenskir verkamenn ekki verkfallsrétt.

Flugleiðir hafa íbúa Kulusuk að sýningargripum.

KSML lýsa yfir fyllsta stuðningi við grænlandsvinahópinn og hvetja alla andheimsvaldasinna til að taka upp kröfuna: Gegn nýlendustefnu Danmerkur í Grænlandi - Lifi sjálfstætt Grænland. Á næstu mánuðum er væntanlegt í bókabúðina Rauðu Stjörnuna efni um Grænland og baráttu grænlendinga. Meðal þess má nefna plötu með grænlenskum baráttusöngvum.

Örn Ólafsson

Sannleikurinn um þjóðfylkingarstefnuna

Þessi grein ber þess glögg merki, að hún ver skrifuð af Fylkingarfélaga, til birtingar í Neista. Þær skoðanir, sem ég svara í henni, komu flestar fram í áköfum deilum innan Fylkingarinnar í sumar. Eins og lesendur munu vita, lauk þeim svo, að meirihlutinn keyrði í gegn trotskíska stefnuskrá, sem að sögn kunnugra er hálfu kreddufyllri en nokkurn tímann stefna 4. Alþjóðasambandsins. En minnihlutamenn kvöddu Fylkinguna flestir.

Framkvæmdanefnd Fylkingarinnar hafði samþykkt fyrir þingið að birta þetta svar við bulli Björns Arnórssonar. En ég frétti það síðast til trottanna, að þeim þætti stórum brýnna að boða kreddur sínar, en að birta leiðréttingar á þeim. Ekki er það að undra, og mun grein þessi seint koma í Neista. Ég þakka Stéttabaráttunni birtinguna.

18.9. 1975
Örn Ólafsson

Í síðasta Neista birtist grein um þjóðfylkingarstefnuna undir dulnefni. Greinin hét: "Einar Olgeirsson í hreingerningum," og er svo full af villum, að undirritaður aðstandandi Neista getur ekki látið henni ómótmælt. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að skrifa sögu Kominterns hér í blaðið, heldur aðeins að gera nokkra grein fyrir stefnunni.

7. þing Kominterns - 3. Alþjóðasambandsins, alþjóðsambands kommúnista - var haldið árið 1935. Á því flutti búlgarski kommúnistaleiðtoginn Georg Dimitroff geysimikla ræðu, sem ályktun þingsins um samfylkingu gegn fasisma var unnin upp úr. Ræða Dimitroffs birtist á íslensku einhvern tímann á árunum 1935-8, líklega 1935, 125 bls. bók í litlu broti, útgefandi Kommúnistaflokkur Íslands. Ofangreind ályktun þingsins birtist í 20. árgangi Réttar, 1935, á bls. 184-206. Þessi rit voru samin við ákveðnar sögulegar aðstæður, uppgang fasismans á 4. áratuginum og miðast því við vörn gegn honum. Inntak hennar, hinsvegar, megindrættirnir, hafa jafnan síðan verið leiðarljós kommúnista allt frá Víetnam til Íslands. Flestir kommúnistar hafa a.m.k. þóst fylgja henni. Ég get að sjálfsögðu ekki farið út í allt það sem gert hefur verið í nafni hennar síðan 1935, heldur vil ég fyrst og fremst draga fram þessi helstu atriði. Það er athyglisvert, að þau koma hvorki fram í áminnstri Neistagrein, né Réttargrein Einars Olgeirssonar 1975 sem varð tilefni hennar. Né heldur í greinaflokki Björns Arnórssonar: Eru Sovétríkin sósíalísk, þótt hann úthúði stefnunni.

Meginatriði stefnunnar

1. Auk sjálfstæðs starfs kommúnistaflokka, reyna þeir að koma á samfylkingu um hagsmunamál verkalýðsins.

2. Megináhersla er lögð á fjöldavirkni, svo að verkalýðurinn þjálfist í eigin frumkvæði og skipulagningu og þroskist pólitískt við að berjast sjálfur fyrir hagsmunum sínum.

3. Kröfur samfylkingarinnar, samfylkingargrundvöllurinn, miðast við að ná til verkalýðsins á núverandi vitundarstigi hans, sameina sem mestan hluta hans um raunverulega hagsmuni sína og skila honum áleiðis. Þetta verður að meta nánar eftir aðstæðum hverju sinni, því er ógerlegt að gera nákvæmar formúlur fyrir þessu.

4. Innan samfylkingarinnar ríkir fullt málfrelsi allra aðilja. Kommúnistar verða líka að gagnrýna samfylkinguna og samstarfsaðilja sína, jafnvel opinberlega, telji þeir þau fylgja rangri stefnu.

5. Jafnframt þessari samfylkingu verður að leggja megináherslu á sjálfstætt skipulags-, fræðslu-, og áróðursstarf flokksins meðal fjöldans.

Ég get þess í leiðinni, að gert var ráð fyrir því, að kommúnistaflokkur gæti sameinast krötum í nýjum sósíalistaflokki við sérstakar aðstæður. Því voru settar þröngar skorður, sem áttu að tryggja, að flokkurinn yrði raunverulegur byltingarflokkur, að svo miklu leyti sem menn geta tryggt sér framtíðina. Tilvitnun:

"En jafnframt verður fortakslaust að gera verkalýðnum það ljóst, að slík sameining er bundin vissum skilyrðum: því skilyrði að fullkomið sjálfstæði sé varðveitt gagnvart burgeisastéttinni og bandalag sósíaldemókrata við hana sé algerlega rofið, því skilyrði, að þegar hafi verið komið á baráttueiningu, því skilyrði að viðurkennd sé nauðsyn þess, að kollvarpa með byltingu yfirráðum burgeisastéttarinnar og stofna alræði öreiganna í mynd sovétskipulagsins, því skilyrði að burgeisastéttinni heima fyrir sé neitað um stuðning í landvinningastríði, því skilyrði að flokkurinn sé byggður upp á grundvelli lýðfærðis með sterku framkvæmdarvaldi, sem tryggir einingu vilja og framkvæmdar og komin er reynd á hjá rússnesku bolsévikkunum.

Jafnframt verður að rísa eindregið gegn tilraunum "vinstri" sósíaldemókratískra lýðskrumara, sem reyna að notfæra sér vonsvik hins sósíaldemókratíska verkalýðs til að mynda nýja sósíaldemókratíska flokka og nýtt alþjóðasamband, sem stefnt er gegn hinni kommúnistísku hreyfingu, og dýpka á þann hátt klofning verkalýðsstéttarinnar."
Réttur XX. árg., bls. 204-5.

Útúrdúr

Bæði í riti Dimitroffs (bls. 58-64)

og í ályktuninni er kommúnistum í fasistalöndum uppálagt að ganga í fasistafélög,

"þeir verða að nota sér jafnvel hina minnstu löglegu og hálflöglegu starfsmöguleika innan þessara félaga til þess að halda fram hagsmunum fjöldans, sem félögunum tilheyrir, gegn pólitík fasismans og til að veikja fjöldagrundvöll hans."
Réttur XX, 199.

Þetta var af því að 3. Alþjóðasambandið áttaði sig á einu megineinkenni fasismans, lýðskruminu. Fasistaflokkarnir þóttust alltaf bera hag alþýðumanna fyrir brjósti gegn stórauðvaldinu, en vörðu auðvitað hagsmuni þess í reynd. Þarna var því veikur punktur á þeim, tækifæri til að afhjúpa þá og svipta fjöldafylginu, sem þeir höfðu.

Reyndar hef ég aldrei rekist á neitt, er segði frá sigrum eða ósigrum á grundvelli þessa atriðis, og því þykir mér líklegast, að það hafi aldrei verið reynt, svo neinu skipti. Einhvern veginn situr það líka í mér, að fasistafélögin hafi verið framabrautir miklu fremur en áróðurstæki gagnvart alþýðu. Geti einhver lesandi Neista varpað skærara ljósi á þetta, væri mér og sjálfsagt ýmsum öðrum þökk á því. Þetta virðist semsé ekki skipta máli, en ég tek það með, svo að ég verði ekki sakaður um úrtínsluaðferð við að gera grein fyrir stefnunni. Slíkar ásakanir væru auðvitað alveg marklausar nema menn gætu þá sannað, með rækilegum tilvitnunum í ofangreind rit, að stefnan hafi í rauninni verið önnur, en ég hefi rissað upp hér að ofan. En ég á ekki von á því.

Gagnrýni á stefnuna

a) Fúkyrði og almennar skammir rísa að sjálfsögðu ekki undir þessu nafni. Til þess þarf að sýna fram á, að einhver þessara stefnuatriða hafi í reynd við mikilvægar aðstæður leitt kommúnista til ósigurs. Slíka gagnrýni hefi ég ekki séð.

b) Fáir munu afgreiða málin svona, en þó er það til: Borgarastéttin er höfuðóvinur okkar, þessvegna eru svik að starfa með borgurum. Með leyfi, hvaða borgurum? Er útilokað að starfa undir einhverjum kringumstæðum með smáborgaralegum öflum svo sem sjálfseignarbændum eða millihópum gegn stórborgurunum? Nei, öðru nær, þannig tókust byltingarnar í Kína og Víetnam. Marxismi er m.a. að meta aðstæður, ekki trúa kreddum.

c) Ég veit þess dæmi að menn segja: Jú, þetta er allt ósköp fallegt á pappírnum, en hvernig er framkvæmdin? Tóm svik, alger hentistefna! Mikið dæmalaust er það skrítin stefna, sem artaði sig svona. Maður gæti farið

að spyrja sig, til hvers fræðikenning væri eiginlega ef hún leiddi til andstæðu sinnar í starfi. En reynið að setja t.d. kenningu Leníns um lýðræðislegt miðstjórnarvald inn í þessa formúlu. Boða ekki kommúnistaflokkar, að allir flokksmenn skuli móta ákvarðanir og stefnu eftir ákveðnum leiðum, en lúta síðan allir tekinni ákvörðun æðstu stjórnar flokksins, eftir umræður? En hvernig er stefnan í framkvæmd. Eru flokkarnir ekki staðnaðir skrifræðisflokkar í raun, þrælborgaralegir í starfsháttum? Ber stefnan þetta banamein með sér? Er þetta þá allt Lenín að kenna? Ef þið berið starfshætti hinna hefðbundnu kommúnistaflokka saman við samfylkingarreglurnar hér að framan, hlýtur hver maður að sjá, að hentistefna þeirra felst einfaldlega í því, að fara ekki eftir stefnunni. Það er furðuleg rökhyggja að kenna stefnunni um það.

d) En stefnan leiddi kommúnistaflokkana reyndar til stórsigra þegar þeir fylgdu henni. Í löndum, sem voru hernumin af nasistum í seinni heimsstyrjöldinni, leiddu kommúnistar þjóðfylkingar gegn þeim, og mögnuðust yfirleitt óskaplega við það. Í Frakklandi, Ítalíu, Grikklandi, Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu og Albaníu urðu þeir meira og minna drottnandi í stríðslok. Í þremur síðasttöldu löndunum tóku þeir völdin, í Grikklandi þurfti innrás Breta til að hindra valdatöku þeirra. Það væri í sannleika fáránlegt að jafna þessum sigrum flokka, sem börðust neðanjarðar gegn einu grimmilegasta herveldi sögunnar við atkvæðatölur borgaralegra flokka á vesturlöndum, fulltrúa ríkjandi ástands, sem allur fjöldinn telur eðlilegt, og sem eru helsta leiðin til fjár og fram í auðvaldsþjóðfélagi. Kommúnistaflokkar þessir fengu fylgi verkalýðsstéttarinnar, af því að hún sannreyndi, að aðeins þeir gátu leitt hana til sigurs. Þetta sjónarmið er ekki bara sérviska mín eða "stalínista", heldur almennt viðurkennt. Ég finn því staði í nýrri mannkynssögu upp á meira en 10.000 bls., saminni af 80 heimskunnum sagnfræðingum. Það sannar vitaskuld ekki að það sé rétt, en þetta eru þó menn, sem hafa staðist mjög harðar kröfur í því, að taka starf sitt alvarlega, þaulkanna allar tiltækar heimildir og meta á viðurkenndan fræðilegan hátt. (Fischer Weltgeschichte, 34. bindi, Frankfurt a.M. 1967, bls. 179 o.áfr. um Frakkland 1936, og sérstaklega bls. 283-4): "Þessi stefna leiddi til markverðs árangurs á Spáni og utan Spánar, þar eð kommúnistar þóttu vera traustverðustu og framtakssömustu andstæðingar fasismans." ("Diese Politik hatte bemerkenswerte Erfolge in Spanien und ausserhalb Spaniens, da die Kommunisten den Eindruck erweckten, die zuverlässigsten und tatkräftigsten Widersacher des Faschismus zu sein.").

Loks minni ég á, að víetnamskir kommúnistar hafa alla tíð fylgt þeirri stefnu, að samfylkja fyrst öllum, sem hægt var að ná gegn heimsvaldastefnunni, en láta sjálfa byltingarbaráttuna bíða betri tíma (þannig hafa þeir skipt jarðnæði upp á fjölskyldur, og gera enn eftir sigurinn í vor, þetta er tilslökun við smáborgarastéttina, sbr. Kína eftir 1949, kommúnur voru ekki stofnaðar fyrr en síðar). Með þessari stefnu hafa þeir unnið svo stórkostlega sigra á svo einstæðu ofurefli, að allar fullyrðingar um, að önnur stefna, sem ekki var reynd, hefði leitt til miklu auðveldari sigurs, orka a.m.k. á mig sem ósmekkleg fyndni. Þeir eru vitaskuld ekki hafnir yfir gagnrýni fremur en aðrir menn, en hér virðast þeir augljóslega hafa farið rétt að, a.m.k. í stórum dráttum.

Líkt er um borgarastyrjöldina á Spáni, 1936-9. Afturhaldið sigraði, en hvað hefði gerst, ef kommúnistar hefðu lagt beint út í byltingarbaráttu hinna áköfustu meðal fjöldans, í stað þess að vinna upp fjöldasamfylkingu til varnar gegn afturhaldinu, og kostað því til sem almennastrar samstöðu, að standa gegn byltingaraðgerðum í stríðinu? Mér finnst líklegast, að afturhaldið hefði sigrað hvort eð er, þar sem það var miklu sterkara hernaðarlega, og raunar enn fyrr, ef andstaðan gegn þeim hefði verið klofnari, en þetta veit ég ekki, og mun aldrei vita. Það er varla til sá borgaralegi sagnfræðingur og hughyggjumaður, að hann hlægi ekki að fullyrðingum um hvað hefði orðið ef eitthvað hefði verið gert, sem var ekki gert. Það er þá enn fráleitara að menn díalektískrar efnishyggju leggi sig niður við slíkt.

e) Það er afskaplega mikilvægt að læra af sögunni, - því sem gerðisten til þess þarf að kanna hvert atriði nákvæmlega, ekki slengja öllu saman, heimfæra t.d. allt samstarf kommúnista við önnur öfl á þessa samfylkingarstefnu. Það er kölluð skematísk hugsun á útlensku, mér hefur dottið í hug íslenska orðið klessuhugsun, en gjarnan mætti finna betra. Hún er t.d. á þessa leið: Kommúnistaflokkarnir eru úrkynjaðir, úrkynjunin hófst snemma á valdatíma Stalíns (tilbrigði: við dauða Stalíns), því er stefna þessara flokka frá um 1926 (/1953) til okkar daga í heild svik og vitleysa.

Í alvöru talað, þótt stefnuyfirlýsingar séu mikilvægar, heldur vonandi enginn, að úrkynjun kommúnistaflokkanna stafi af óheppilega orðuðum þingsályktunum?

f) Við þurfum að geta greint á milli þess, sem vel var gert og hins sem miður var - sami flokkur getur gert hvorttveggja í senn. Því rugl og villur um stefnu kommúnista þjóna aðeins borgarastéttinni.

Kommúnistum er hinsvegar lífsnauðsyn að þekkja réttar leiðir til verkalýðsins, það er virk fjöldahreyfing hans og allra mögulegra bandamanna við hverjar aðstæður, um kröfur sem samsvara vitundarstigi hans og beinir honum fram á við til aukins pólitísks þroska. Án þessa blasir aðeins einangrunarstefnan við.

19. ágúst 1975
Örn Ólafsson

Orðsending til Neista:

Pappírarnir eru á borðinu!

Í 7. tbl. Neista birtist óundirrituð grein sem ber hið ábúðarmikla nafn: MAÓISTAR. PAPPÍRANA Á BORÐIÐ. Greinin er einn liðurinn í áróðursherferð trotskistanna gegn sósíalískri utanríkispólitík Kína og um leið er henni ætlað að sýna fram á hið órjúfanlega samband sem er á milli Matta Jó Morgunblaðsritstjóra og "maóismans". Nú er það svo, að pappírarnir sem Fylkingin vill fá á borðið liggja nú þegar frammi. (Vitanlega liggja þeir ekki á borðum trottaranna - hjá þeim liggja eingöngu andbyltingarrit Trotskís og annarra sem starfa í hans anda.) Pappírakrafan sem Neisti setur fram, vitnar því einna helst um þekkingarleysi og jafnframt um meðvitaða skemmdarstarfsemi sem eru unnin í þágu sósíalheimsvaldastefnunnar. Þekkingarleysið er einkenni þeirra fylgismanna trottaranna sem fylgja þeim án þess að sjá í gegnum lygavefinn sem þeir spinna - en skemmdarverkin eru undirbúin meðvitað af æðstu postulum trottaranna sem hér starfa. Víkjum nú að þessu nánar.

"Vinstri" öfgar trotskismans

Eitt af andbyltingareinkennum trotskismans er sú sundrungarstarfsemi sem þeir vinna í röðum byltingarsinna og alþýðunnar. Með "vinstri" öfgum sínum grafa þeir undan því starfi sem kommúnistar vinna meðal fjöldans. Vinstri öfgarnar felast m.a. í því að þeir setja fram vígorð, sem virðast vera ósköp byltingarsinnuð, en vinna í rauninni gegn framgangi sósíalismans. Dæmi um það er vígorð þeirra um "sósíalískt Víetnam." Enn annað dæmi er krafa þeirra í dag um "sósíalískan Spán."

Í Víetnam stendur baráttan gegn heimsvaldastefnunni og áhrifum hennar, í þeirri baráttu er hægt að sameina mikinn meirihluta þjóðarinnar til baráttu gegn erlendum yfirráðum. Til þess að þessi sameining geti átt sér stað þá verða kommúnistar að setja fram vígorð sem eru í takt við raunverulegt ástand og meðvitundarstig alþýðunnar. Það þýðir t.d. ekki að setja fram vígorð eins og "sósíalískt Víetnam" þegar vinna þarf þjóðlegu borgarana (og hið s.k. þriðja afl) til baráttunnar gegn USA-heimsvaldastefnunni. Með aðferðum trotskista einangrast kommúnistarnir með sín "byltingarsinnuðu" vígorð og fjöldinn rís ekki til baráttu gegn imperíalistunum. Baráttan fyrir sósíalísku Víetnam á sér vissulega stað jafnframt baráttunni fyrir frelsi landsins, en skilyrðin fyrir sósíalísku öflin til að vinna sósíalískt uppeldisstarf eru allt önnur eftir að erlendu drottnararnir eru á bak og burt. Gott dæmi um þetta eru Kína og N-Víetnam. Þessi skilyrði kæmu seint til ef trotskistar hefðu einhver áhrif á gang baráttunnar.

Dæmið um Spán fjallar um land þar sem fasisminn hefur ríkt í áratugi. Kröfurnar um lýðræði eru kröfur fjöldans, mikil barátta á sér stað með verkföllum og jafnvel vopnaðri baráttu. Ef kommúnistar settu það sem aðalkröfu sína í dag að Spánn yrði sósíalískt land - þá væru þeir að hlaupa yfir eitt þrep. Og um leið missa þeir sambandið við fjöldabaráttuna og einangrast. Baráttan fyrir lýðræði á Spáni er nauðsynlegt þrep, hversu stutt sem það verður í tíma, í baráttunni fyrir sósíalisma.

Spánn er undir hæl USA-heimsvaldastefnunnar, áður en að sósíalisma verður komið þar á verður að berjast fyrir falli fasismans og yfirdrottnun USA. Í þessari baráttu er hægt að sameina meirihluta þjóðarinnar og skapa skilyrðin fyrir næsta skrefi, sem er uppbygging sósíalismans. Auðvitað er það ekki þannig að kommúnistar þegi um sósíalismann meðan á baráttunni fyrir lýðræðinu stendur, þvert á móti nýta þeir hvert tækifæri til áróðurs. En þeir varast að sundra samfylkingu alþýðunnar með gervibyltingartali "vinstri" öfgamanna. Með kröfunni um "sósíalískan Spán" (og jafnvel "sósíalískan Pýreneaskaga) vinna trottararnir fyrir Frankófasismann - þeir sundra liði and-fasista.

Þetta eru í stuttu máli "vinstri" öfgar trotskistanna.

Hver er tilgangur Neista?

Snúum okkur þá betur að greininni í Neista. Hún þykist fjalla um Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og afstöðu "maóista" til þess. Þar koma enn fram "vinstri" öfgar trottaranna, en hér er það hinn endinn ef svo má segja. Nú er því þannig varið með "vinstri" öfgamenn (eins og KSML(b) og KSML áður fyrr) að þeir gera lítinn greinarmun á óvinum verkalýðsins og ýmsum tvístígandi öflum, hjá þeim er þetta "allt sama afturhaldspakkið." En það er ekki nóg með að trottararnir greina ekki á milli óvina og mögulegra bandamanna verkalýðsins, þeir eru einnig ófærir um að greina andstæðurnar innan óvinaherbúðanna, og þarafleiðandi eru þeir ófærir um að notfæra sér þær verkalýðnum til framdráttar.

Og nú færumst við nær Neistagreininni. Afstaða kínverja til EBE byggir einmitt á því að koma auga á og nýta togstreituna sem er í auðvaldsheiminum. Hún byggir á skilgreiningu þeirra á heimsástandinu, þ.e. að nú séu til staðar tvö risaveldi (USA/Sovét) sem keppa um heimsyfirráð og að sú barátta sé uppsprettan að 3. heimsstyrjöldinni. Í Neista er birtur úrdráttur úr grein í Peking Review, sú grein fjallar ekki almennt um afstöðu Kína til EBE, heldur um sérstakan þátt EBE-málsins, þ.e. afstöðu Sovétríkjanna til EBE. Þessu tekst Neista að rugla og rangfæra. Þeir sleppa í fyrsta lagi fyrirsögninni, sem hljóðar svo: HVERS VEGNA REIÐIST MOSKVA ÚRSLITUM ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUNNAR Í BRETLANDI? Þessi fyrirsögn gefur strax til kynna um efni greinarinnar, en neistamenn sleppa fleiru - þeir

Framh. á bls.7

Rauður vettvangur Frá lesendum Rauður vettvangur Frá lesendum Rauður vettvangur

GAGNSLAUSAR ÞRÆTUR KOMMÚNISTA

"..að þræða þá krákustíga, sem til þarf svo greindur verði stefnumunur KSML og EIK(m-l).."
(Guðbr. Magn. í Stb, 6. tbl. '75)

-um ágreining KSML og EIK(m-l)

Undirritaður er ekki félagi í neinum kommúnískum samtökum, en telur sig - eins og m.a. félagar í KSML og EIK(m-l) - vera kommúnista í öllum þeim grundvallaratriðum, sem íslenska kommúnista skiptir máli. Undirritaður er því einn þeirra fjölmörgu íslensku kommúnista, sem híma utan kommúnískra samtaka og horfa á þau vegast á í flestum atriðum, en starfa saman í alltof fáum. Ég álít, að þessir flokkadrættir skaði stærsta hagsmunamál íslenskrar alþýðu, nefnilega tefji fyrir stofnun íslensks kommúnistaflokks, sem standi undir nafni. Stofnun slíks flokks er að mínu mati eina stóra málið, sem íslenskum kommúnistum ber að starfa að í nútíð og náinni framtíð, - öll önnur mál eru minni og verða að miðast við flokksstofnunina. Meðan íslenskir kommúnistar eiga sér engan flokk, geta þeir ekki vænst þess að hafa nein teljandi áhrif á gang mála, hvað sem líður öllum tilraunum til samfylkinga, rauðra andstöðuhópa innan verkalýðsfélaga o.s. frv. Ég vil taka fram, áður en lengra er haldið, hvað ég á nákvæmlega við, þegar ég ræði um íslenska kommúnista. Félagar KSML og EIK(m-l) eru að sjálfsögðu kommúnistar í skoðunum, svo og líklega flestir (fárra) félaga Sósíalistafél. Rvk. Einnig álít ég, að s.n. "sentristar" í Fylkingunni megi vel teljast kommúnistar. Þá má og telja líklegt, að innan Alþýðubandalagsins eða í hópi fylgismanna þess og í verkalýðsfélögunum leynist enn einn og einn kommúnisti, sem svo megi kalla (þ.e. andstæðingur endurskoðunarstefnu og stéttasamvinnustefnu). Hentistefnumenn og lítt kommúníska tel ég hins vegar f.o.f. trottalið Fylkingarinnar og KSML(b) til vinstri og Alþýðubandalag & Co. til hægri. Allir þeir, sem ég hér á undan hef nefnt kommúnista, eiga að mínu viti að standa að eða taka þátt í stofnun íslensks kommúnistaflokks, - ásamt þeim mörgu meðal íslenskrar alþýðu og íslensks verkalýðs, sem bíða átekta utan allra samtaka. En hinn drífandi kraftur að baki slíks flokks í byrjun hlýtur að vera menntaðasti, virkasti og skipulagðasti hluti hans, núverandi félagar EIK(m-l) og KSML.

Málefni og deilur

Ég hef að undanförnu gert mér far um að komast til botns í ágreiningi KSML og EIK(m-l). Það hefur ekki verið auðvelt verk, því að samtökin hafa talað framhjá hvort öðru í þessum umræðum, að því leyti að umfjöllun EIK(m-l) um málið hefur nær eingöngu snúist um hina starfrænu hlið, en umfjöllun KSML um hið fræðilega. Það hefur einnig valdið mér miklum vonbrigðum, að sjá, bæði í rituðu máli og í samræðum, hversu einstakir forystumenn samtakanna eru iðnir við að fróa sjálfum sér með illkvittni og skætingslegum ummælum um hverja aðra. Upphrópanir af slíku taki sæma ekki kommúnistum og gagna engum nema óvininum, íslensku borgarastéttinni og stéttasamvinnupostulunum. En hvað um það. Að baki þessu tali og í umræðum annars kemur í ljós, að um ágreining er að ræða, - ekki grundvallarágreining að mínu mati, - heldur ágreining um baráttulínu, einkum stjórnlist og áhersluatriði baráttunnar. Ég skal reyna að útskýra þessa skoðun mína nánar.

Höfuðmóthverfa

Eins og ekki þarf að útlista fyrir lesendum þessa blaðs snýst megindeila KSML og EIK(m-l) um, hver sé höfuðmóthverfan á Íslandi, - verkalýðsstétt : borgarastétt (KSML) eða, alþýða : einokunarauðvald (EIK(m-l)). Jafnframt er rifist um, hvort höfuðmóthverfa geti við stigþróun auðvaldsþjóðfélagsins þokað úr sæti fyrir annarri móthverfu. Mér skilst, að bæði samtökin viðurkenni tilvist beggja móthverfanna, styrrinn standi aðeins um það, hvor sé mikilvægari. Þetta er vissulega mikilvæg spurning, þegar ákveða skal stjórnlist íslenskra kommúnista í nánustu og fjarlægari framtíð. En að tilvist tveggja (ekki einna) kommúnískra samtaka geti byggst á þessu, fæ ég ekki skilið. Slíkar umræður eiga auðvitað heima innan einna og sömu samtakanna. Þær varða ekki grundvallaratriði kommúnismans, heldur stjórnlistarlega útfærslu á vísindum kommúnismans.

Samfylking

Deilan um höfuðmóthverfuna kristallast einna best í umræðum um samfylkingu sem stjórnlistartæki kommúnista. Ég álít þessa deilu í rauninni ástæðulausa. Kommúnistum ber ekki að einangra sig við baráttu fyrir lausn einnar móthverfu í þjóðfélaginu, heldur hljóta þeir að berjast á öllum þeim sviðum, sem þjóna hagsmunum byltingarinnar. Þess vegna hlýtur að verða að meta í hvert sinn, með hverjum kommúnistum beri að samfylkja, út frá því hver sú móthverfa sé, sem viðkomandi barátta knýr lausnar á. Að sjálfsögðu verður þó ávallt að hafa til leiðsagnar kjörorð allra kommúnista, er þeir ganga til samfylkinga: "samfylking á grundvelli stéttabaráttu", - þ.e.a.s. samfylkingin verður að þjóna bæði skammtíma- og framtíðarhagsmunum verkalýðsstéttarinnar. Ég álít því, að spurningunni um það, með hverjum sé hægt að samfylkja, verði ekki svarað með hrokafullum yfirlýsingum eða tilvitnunum í orð meistaranna. Eða er það ekki rétt skilið hjá mér, að hvorki Marx, Engels, Lenín, Stalín né Maó hafi byggt upp neina stjórnlist og baráttuaðferð fyrir íslenskan kommúnistaflokk? Hafa þeir ekki aðeins lagt fyrir okkur þann vísindalega grundvöll, sem íslenskum kommúnistum ætti að vera treystandi til að byggja á sjálfir?

Á dagskrá

Þrátt fyrir þá gagnrýni, sem ég hér hef haft í frammi á málflutning KSML og EIK(m-l), vil ég flýta mér að lýsa því yfir, að flest af því sem þessi samtök hafa gert í starfi, saman eða í sitthvoru lagi, hefur vissulega verið jákvætt og þjónað hagsmunum íslenskrar alþýðu. En margt er líka óunnið enn. Það er mitt álit, að því sem ljúka þarf fyrir stofnun íslensks kommúnistaflokks, verði ekki lokið á sómasamlegan hátt nema með nánu samstarfi eða sameiningu KSML og EIK(m-l). Íslenskur kommúnistaflokkur þarf að vera orðinn að veruleika innan tveggja - þriggja ára, og áður þarf að vera búið að gera nákvæmar, sjálfstæðar skilgreiningar á íslensku stéttaþjóðfélagi, íslensku auðvaldi o.s.frv. Það er naumur tími til stefnu, og við megum ekki dreifa kröftunum um of.

Í 6. tbl. Stéttabaráttunnar 1975 setur Guðbr. Magn., Akureyri, fram ágæta tillögu um sameiginlegt fræðilegt rit KSML og EIK(m-l). Ég trúi ekki þeim fregnum, að aðeins helmingur miðstjórnar KSML sé þessu sammála, og ég trúi því heldur ekki, að EIK(m-l) ætli, ef til kemur, að hafna þessu boði. Á grundvelli þessa trausts míns á forystumönnum beggja samtakanna og á grundvelli enn sterkara trausts til almennra félaga þeirra, vil ég bæta við nokkrum atriðum, sem hafa mætti í huga næstu vikur og mánuði:

1) - að Október-forlagið og Lenín-Stalín-forlagið sameinist. (Málgögnin, Stb. og Vbl., verði rekin og fjármögnuð sér í lagi.)

2) - að EIK(m-l) og e.t.v. fleiri aðilar taki þátt í rekstri bókaverslunar KSML í Rvk., Rauðu stjörnunnar, og svipaðar bókaverslanir verði settar á stofn víðar um land, s.s. á Akureyri.

3) - að KSML og EIK(m-l) sameini vinnustaðasellur sínar og starfi saman í andstöðuhópum innan verkalýðsfélaga.

4) - að Stéttabaráttan og Verkalýðsblaðið taki upp nána samvinnu með það í huga, að þessi tvö blöð verði sameinuð innan ekki of langs tíma.

Auk þessa legg ég til, að bæði Stb. og Vbl. taki upp beina ritskoðun á allt efni, er varðar ágreining EIK(m-l) og KSML, og útiloki allt, sem hefur að geyma órökstuddar fullyrðingar eða illkvittni. Slík beiting miðstjórnarvalds er ekki aðeins afsakanleg, heldur nauðsynleg í baráttunni fyrir stærsta hagsmunamáli íslensks verkalýðs og allrar alþýðu, stofnun íslensks kommúnistaflokks.

Að lokum: Aukið samstarf og minni erjur EIK(m-l) og KSML mun hvetja til starfa fjölmarga hæfa kommúnista og verkalýðssinna, sem þar með sjá, að einhver alvara er að baki tali KSML og EIK(m-l) um nauðsyn flokksstofnunar kommúnista á Íslandi.

2. ágúst 1975.
Guðmundur Sæmundsson.

Er þetta markmiðið Guðmundur?

Í viðtali við Alþýðublaðið, fimmtudaginn 8. sept., sagði Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, eftirfarandi:

> ,,Sannleikurinn er sá, að áður en langt um líður munu Íslendingar einfaldlega ekki fást til að vinna störf verkamanna og verkakvenna vegna þess hve illa þau eru launuð. Það er örugglega stutt í það, að nauðsynlegt reynist að flytja inn Tyrki eða eitthvert annað erlent vinnuafl hingað til lands. Þetta munu menn vafalítið sjá jafnskjótt og atvinnulíf lands**manna kemst í eðlilegt horf og grósku fer að gæta í því á ný", sagði Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, í viðtali við launþegasíðu Alþýðublaðsins.**

Tekið beint úr Alþýðublaðinu

Er þetta virkilega markmiðið? Að flytja tyrki eða annað erlent vinnuafl til að vinna lægst launuðu störfin hér á Íslandi. Þegar framboð á atvinnu eykst? Skemmtilegt viðhorfið sem kemur fram hjá Guðmundi til tyrkja, eða hitt þó heldur: Þeir eru nógu góðir í skítverkin. Skyldi Guðmundi og kollegum hans í Dagsbrún aldrei hafa dottið í hug að knýja fram það miklar launahækkanir til handa þeim lægstlaunuðu svo að Íslendingar geti haldið áfram að vinna þessi störf, eða hefur þetta alltaf legið á bakvið: Að fá hræódýrt vinnuafl til landsins þegar gróska er í atvinnulífinu, næga atvinnu að fá fyrir Íslendinga, en vísa því svo úr landi þegar samdráttur verður (það ku víst vera hægt, sbr. önnur evrópulönd). Ef þetta er viðhorfið, þá er Guðmundur sokkinn dýpra í spillingar- og fúafen stéttasamvinnunnar og undirlægjuháttarins en nokkurn grunaði. Haf þú óþökk fyrir uppástunguna Guðmundur!

Framhald af bls. 4

Orðsending til Neista:

Pappírarnir eru á borðinu!

sleppa þeim hluta sem útskýrir afhverju Sovétríkin ásælast Evrópu, auk þess sem þeir skjóta inn í enda greinarinnar bút sem tilheyrir allt annarri grein, þótt úr sama blaði sé. Ennfremur falsa þeir afstöðu kínverja með því að segja, að "nú lesum við í Peking Review að kínverski Kommúnistaflokkurinn líti á það sem athæfi í hæsta máta gagnbyltingarsinnað að reka áróður gegn EBE." Þetta er bein fölsun á því sem Peking Review skrifar, greinin fjallar eins og fyrr segir um afstöðu Sovétríkjanna, en ekki um "í hæsta máta gagnbyltingarsinnað athæfi" kommúnista.

Ekki eru þessar tilfærslur Neista gerðar án tilgangs. Tilgangurinn kemur í ljós þegar aðrar tilvitnanir, sem fylgja greininni (úr Stéttabaráttunni og Morgunblaðinu), eru skoðaðar. Þá sést greinilega að tilgangurinn er fyrst og fremst sá að verja sósíalheimsvaldastefnuna og fela eðli hennar! Hvorki tilvitnunin úr Stéttabaráttunni né úr Mogganum fjalla um EBE og afstöðuna til þess. Tilvitnunin úr Stéttabaráttunni fjallar um flotaumsvif Sovétríkjanna á N-Atlanshafi og baráttuna fyrir friði í heiminum. Moggatilvitnunin er eitt af aðsvifum Matta Jó - tilraun hans til að nýta sér afstöðu Kína gagnvart Sovét í áróðri gegn sósíalismanum. (Og Peking Review greinin fjallar eins og fyrr segir um afstöðu Sovét til V-Evrópu).

Spurningin sem Neisti varpar fram til okkar "maóistanna" (ER ÞAÐ RÉTT AÐ UPPBYGGING STERKS, SAMEINAÐS EFNAHAGSBANDALAGS SÉ EITT MIKILVÆGASTA VERKEFNI BYLTINGARSINNA Í DAG?) lendir því dálítið á ská - því að hálfu Neista er spurningin fyrst og fremst að styðja Sovétríkin og ráðast gegn Kína. En þeir vilja svar við spurningunni. Eins og við sjáum þá eru "pappírar" trottaranna falskir og allar forsendur málsins af þeirra hálfu. Við verðum því að hafa nokkuð langt mál um utanríkispólitík sósíalískra ríkja og hvernig EBE kemur inn í þá mynd.

Sökum plássleysis verður seinni hluti þessarar greinar að bíða til næsta blaðs.

ÖRSTUTT SVAR

Eins og við tókum fram í 6. tbl., þá stendur Stéttabaráttan opin öllum þeim sem vilja leggja orð í belg um flokksbygginguna. Ritstjórn fagnar því þessu framlagi Guðmundar til þessara umræðna. Varðandi hugmyndir hans, viljum við taka fram eftirfarandi: Við álítum að sameining samtakanna verði ekki leyst með skipulagsaðgerðum eingöngu. Ennfremur er það skoðun okkar að samsláttur skipulagsins (svipað og Guðm. leggur til) verði fyrst og fremst að eiga sér forsendur í árangursríku samstarfi í sem flestum málum. Sú sundrung sem er á vinstri kantinum á sér pólitískar forsendur, og við leysum því málin í pólitísku starfi í stéttabaráttunni.

Varðandi þær fréttir, að "aðeins helmingur miðstjórnar KSML sé þessu sammála (að EIKm-l og KSML gefi út sameiginlegt fræðilegt rit, innsk. ritstj.)" þá er rétt að taka það fram að málið hefur verið rætt innan miðstjórnar KSML og var samhljóða samþykkt að slíkur samsláttur yrði að eiga sér pólitískar forsendur, samanber ofanritað.

Hann var góður þessi!

Föstudagseftirmiðdag einn fyrir skömmu lenti félagi í KSML í rökræðum við tvo trotskista úr Fylkingunni um afstöðu kommúnista til ýmissa mála. Meðal þess sem talað var um var afstaða trotskista til stefnu Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Víetnam. Eins og menn vita, telja trotskistar stefnu Þjóðfrelsisfylkingarinnar ranga, og að þeir séu betur færir um að leggja upp stjórnlistina í Víetnam en víetnamar sjálfir. Þá mælti trotskistinn (Gestur Ólafsson) þessi kostulegu orð:
"Ég tel afstöðu Fylkingarinnar til mála í Víetnam mun raunsærri og í samræmi við ástand mála í Víetnam en stefnu Þjóðfrelsisfylkingarinnar."

Ennfremur upplýsti hann félagann úr KSML um þann "sannleik" að "stalínistinn" Ho Chi Minh hefði fagnað innrás heimsvaldastefnunnar og unnið að því að afvopna alþýðuna.

Það er kannski þess vegna sem Þjóðfrelsisfylkingin sigraði, eða er málum þannig farið að trotskistar standa algeralega á haus í afstöðu sinni til raunveruleikans og gera ekki annað en að reyna og sundra og eyðileggja fyrir framsæknum öflum? Íhugi nú hver ofangreind ummæli trotskistans og svari fyrir sig.

Heiður hundingjans

Stéttabaráttunni hefur borist eftirfarandi kvæði. Það er eftir Rögnvald Sigurðsson, trésmið.

Vor háborg er svört eins og sauðatað,
svívirt af blettuðum lýð.
Óþverrinn klessist á blað eftir blað,
boðandi hernám og stríð.

Lög verða klækir í hundingjans hönd,
og handvömmin meistarstig.
Þjóðfrelsið harðsnúin herfjötursbönd,
sem herðast um landið og þig.

Brennur í holdinu heiftarþung,
hyggjan um arðrán og blóð.
Gengisfellt mannorð í maurapung,
magnar þá helvítisglóð.

Þótt landráðakirnurnar komist á þing,
með kveðju frá Loka og Þór,
og náhrafnar fagnandi freti í kring,
er fjörráðaglæpurinn stór.

Að krefjast síns heiðurs að hofmannasið,
það hæfir ei þjóðvillingsglóp,
sem prangar með átthaga eigur og grið,
við útlendan morðingjahóp.

Mörðurinn lifir þótt liðinn sé Njáll,
landeyður viðgangast mjög.
Nú herma þeir feðgar Pétur og Páll,
að pungrottur þreyti lög.

Rögnvaldur Sigurðsson.

Framhald af baksíðu

borgurunum þykir hæfa letilíferni og allsnægtum. Inni í borginni, þar sem blærinn frá hafinu svalar ekki í gífurlegum hitanum er alþýðuna að finna. Þar búa iðnverkamenn og fólk í ýmsum þjónustu-og framleiðslustörfum við ömurleg lífsskilyrði. Að baki lúxusbúða og hótela má sjá gömul 3-4 hæða hús í algjörri niðurníðslu. Öllum frágangi á sorp-og skolpleiðslum er mjög ábótavant, og 3-4 íbúðir eru um hvert salerni. Böð eru fáséð. Á götunni leika sér fátæklega klædd börn innan um sorp og hundaskít. Í nágrenninu er eld-og reykspúandi olíuhreinsunarstöð, og í sótinu hangir þvottur á snúrum. Í iðnaðarborgum Júgóslavíu er þessi sjón mjög útbreidd. Meðan borgararnir lifa hátt og aka um á Mercedes Bens á alþýðan vart fyrir mat og lifir sultarlífi.
Þannig er "hinn mannúðlegi og frjálsi sósíalismi" Titos sem borgarar vesturlanda róma svo mjög. Þannig er ástandið í landi sem kallar sig sósíalískt, en er kapitalískt. En alþýða Júgóslavíu á eftir að segja síðasta orðið, og varpa auðvaldshyskinu sem mergsýgur hana á ruslahug sögunnar.

-/Ol.

Framhald af bls. 6

WILFRED BURCHETT

Meðal fyrstu verksmiðjanna, sem voru endurreistar, voru verksmiðjur sem framleiða gervilimi fyrir örkumla fórnarlömb stríðsins. Afdönkuðum hermönnum hefur verið kenndur vefnaður, klæðaskurður, vélritun og önnur störf, sem hjálpa þeim til að taka fljótlega til höndum við framleiðsluna.

Eldneytisskortur hefur valdið stórfelldri minnkun bílaumferðar og mengunar. Reiðhjól eru að verða á ný aðalflutningatækið. Frelsishermennirnir og almenningur hafa mjög hlý og bróðurleg samskipti. Á kvöldin er hægt að sjá ungmenni hreinsa götur jafnframt því að læra byltingarsöngva. Hér ríkir kátt, heilbrigt andrúmsloft, þrátt fyrir núverandi efnahagsörðugleika.

-/óhs sneri

Gerist áskrifendur að Grundvelli Leninismans Greiðið kr 500 inn á giroreikning nr 51000

Kaupið Söngbók verkalýðsins. Fæst í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15.



Ályktun frá VNÍ

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi Víetnam-nefndarinnar á Íslandi, fimmtudaginn 18. september 1975:

"Eftir áratuga frelsisbaráttu hefur víetnamska þjóðin öðlast sjálfstæði og fullveldi og stefnir að endursameiningu landshlutanna í norðri og suðri á grundvelli Genfarsáttmálans frá 1954 og Parísarsáttmálans frá 1973.

1. grein Parísarsáttmálans hljóðar þannig:
"Bandaríkin og öll önnur ríki virða sjálfstæði, fullveldi og einingu Víetnam sem óskipts lands, eins og viðurkennt var í Genfarsáttmálanum 1954."

Í 21. grein Parísarsáttmálans skuldbinda Bandaríkin sig til þess að leggja sitt af mörkum "til að lækna sár stríðsins og til enduruppbyggingarinnar að stríðinu loknu í Alþýðulýðveldinu Víetnam og gjörvöllu Indókína."

Nú er ljóst orðið að Bandaríkin ætla sér á engan hátt að standa við gefin orð. Bandaríkjastjórn hefur ekki látið einn einasta bandaríkjadal af hendi rakna til norður- eða suðurhluta Víetnam til að lækna sár stríðsins né til enduruppbyggingarinnar og lausnar þeirra hrikalegu vandamála sem víetnamska þjóðin á nú við að stríða eftir þriggja áratuga varnarstríð gegn frönskum og bandarískum heimsvaldasinnum.

Þvert á móti ógna Bandaríkin öryggi þjóða Indókína með herstöðvum í Thailandi, á Filippseyjum og víðar, þaðan sem U-2 njósnavélar og B-52 árásarvélar hefja sig á loft. Sjöundi floti Bandaríkjanna er enn ógnandi við strendur Indókína. Og nú hafa þær fréttir borist frá vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að Bandaríkin þrjóskist við að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi víetnömsku þjóðarinnar og beiti neitunarvaldi gegn aðild víetnömsku ríkisstjórnanna að Sameinuðu þjóðunum.

Bandaríkin freista þess að einangra víetnama á alþjóðavettvangi, en það er ljóst að sú svívirðilega framkoma mun fyrst og fremst einangra Bandaríkin sjálf. Nær öll ríki heims hafa fullt stjórnmálasamband við Alþýðulýðveldið Víetnam og nú þegar hafa meira en 90 ríki viðurkennt Bráðabirgðabyltingarstjórn Lýðveldisins Suður-Víetnam (BBS), þar á meðal öll Norðurlöndin.

Það er fagnaðarefni að íslenska ríkisstjórmálasamband við báðar víetnömsku ríkisstjórnirnar, Hanoistjórnina í norðri og BBS í suðri. En það er krafa Víetnam-nefndarinnar á Íslandi og þeirra fjöldasamtaka sem að henni standa, að ríkisstjórnin tjái enn frekar stuðning íslensku þjóðarinnar við Víetnam, með því

að veita norður- og þó ekki síður suðurhluta Víetnam efnahagslegan stuðning sem það þarfnast svo mjög,

að fordæma þá árásarstefnu sem bandaríkjastjórn sýnir enn af sér gagnvart Víetnam,

að taka skýlausa afstöðu með aðild víetnömsku ríkisstjórnanna að Sameinuðu þjóðunum og berjast fyrir framgangi þess máls á alþjóðavettvangi."

Ráðstefna Víetnam-nefndarinnar

Dagana 3.-5. október mun Víetnam-nefndin á Íslandi halda ráðstefnu um framtíð víetnam-starfsins.

Aðildarsamtök VNÍ eru nú 14 talsins.

Ráðstefnan mun ræða 4 málaflokka, stefnuna í víetnam-starfinu hérlendis, skipulagsmál VNÍ, almennt um baráttuna gegn heimsvaldastefnunni og um NATO og herinn.

Á sama tíma og ráðstefnan stendur, koma hingað gestir frá Víetnam og munu þeir ávarpa ráðstefnuna. VNÍ mun birta nánari fréttatilkynningu í fjölmiðlum.

Vegna mistaka við uppsetningu er grein Wilfred Burchetts á þremur stöðum í blaðinu og gleymst hefur að merkja framhald á bls. 4.

Af íslenskum túristum á Spáni



Viðtalið við Ingimar


Carlos

Daglega heyrum við nú fréttir af aftökum og líflátsdómum frá Spáni. En við fréttum fleira frá því landi - við fréttum að íslenskar hljómsveitir leiki þar listir sínar. Nýlega kom viðtal við Ingimar Eydal hljómsveitarstjóra í Dagblaðinu. Hann varð svo frægur að spila fyrir Carlos fasistaprins (og ríkisarfa eftir glæpahundinn Frankó) - Ingimar virðist stórhrifinn af þessu "einstæða tilviki." Það er full ástæða til að spyrja: Hver er afstaða Ingimars til fasistastjórnarinnar á Spáni, stjórnar sem beitir miðaldapyntingum gegn þúsundum manna og kvenna sem eru í fangelsi fyrir pólitískar skoðanir sínar? Við skorum á Ingimar að gera grein fyrir afstöðu sinni!

Í framhaldi af þessu er rétt að minna á áskorun FRAP (Samfylking and-fasista á Spáni), en margir félaga FRAP bíða nú aftökunar í fangelsum Frankós. FRAP hefur skorað á alla vini spænskrar alþýðu að ferðast ekki til Spánar. Það er full ástæða fyrir íslendinga, sem ferðast þúsundum saman til Spánar á hverju ári, að líta vel í eigin barm í þessu máli. Það er rotin afstaða að láta sem okkur komi ekkert við barátta alþýðunnar á Spáni fyrir lýðræði. Það er ekki hægt að skilja að túrisma og pólitík.
(Sjá nánar um ástandið á Spáni í Stéttabaráttunni 10. tbl. '74 og 1. tbl. '75.)

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!
LIFI MARXISMINN LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

Til áskrifenda.

Nú stendur yfir rukkunarherferð í Reykjavík. Áskrifendur verða heimsóttir næstu daga af félögum samtakanna. Við skorum á alla áskrifendur úti á landi sem enn hafa ekki greitt að gera það sem fyrst - því fyrr, því betra.

Nú hefur STÉTTABARÁTTAN fengið póstgíróreikning, nr. 27810. Það auðveldar ykkur að greiða áskriftirnar - nú getið þið gengið bæði í banka og pósthús og greitt þar.

Áskriftargjöld eru sem hér segir:
Venjuleg áskrift : 600 kr.
Stuðningsáskrift : 800 -
Baráttuáskrift : 1000 -

STÉTTABARÁTTAN Í HEIMINUM

FLUGMENN THIEU RÁÐNIR TIL ÍSRAEL!

Sá áróður sem rekinn var á síðustu dögum Thieu-klíkunnar, um að fólkið í S-Víetnam hafi "greitt atkvæði með fótunum" er það flýði stríðsátökin, hefur nú heldur betur afhjúpast. Áætlanir USA-heimsvaldasinnanna um að flytja u.þ.b. milljón af þessum "kjósendum" burt frá Víetnam urðu að engu, aðeins tæplega 100.000 "kusu frelsið" eins og það heitir svo smekklega á vestrænu fjölmiðlamáli. Það voru ekki mikið fleiri sem höfðu áhuga þótt bandaríski herinn væri reiðubúinn að sjá þeim fyrir fari. Og af þessum tæpl. 100.000 voru margir sem voru fluttir nauðugir, margar ófagrar sögur hafa komið í ljós að undanförnu um aðferðir heimsvaldasinna við "björgunina." M.a hefur það komið fram að fjölda flugvirkja og annarra tæknimenntaðra s-víetnama voru gefin deyfandi lyf og þeir síðan fluttir um borð í bandarísk herskip. Ástæðan fyrir þessu var sú að þannig hugðust Ford forseti og ræningjaflokkur hans koma í veg fyrir að S-Víetnam gæti nýtt sér þekkingu þessara manna. Nú hefur fjöldinn allur af þessu fólki kosið að snúa aftur heim til S-Víetnam.

bandarísku lögreglunni, enn aðrir hafa komið sér upp arðvænlegum fyrirtækjum fyrir það fé sem þeim tókst að raka saman í S-Víetnam. Og nú hefur það komið í ljós að ísraelski flugherinn hefur ráðið til sín töluverðan hóp flugmanna úr flugher saigon-klíkunnar - og verður hún að teljast verðug, vist fasistanna hjá síonistunum.

-/Guardian o. fl. rit

Leiðtogar Thailands og Filipseyja hafa gefið út sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir leggja til að SEATO (Suð-austur asíubandalagið), verði lagt niður. Löndin tvö eru einu suð-austur asíuríkin í bandalaginu, sem sett var á laggirnar 1954 til að vernda hagsmuni bandarísku heimsvaldastefnunnar í þeim heimshluta. Aðrir aðilar SEATO eru Bandaríkin, Bretland, Nýja-Sjáland og Ástralía. Forsætisráðherra Thailands, Kukrit Pramoj og forseti Filipseyja, Ferdinand Marcos, ályktuðu á fundi sínu í Manila, að herstöðvar Bandaríkjanna í suð-austur Asíu væru "bundnar vissu tímabili." (Thailand hefur gefið Bandaríkjunum frest fram til mars 1976 til að fjarlægja allar herstöðvar sínar úr landinu.) Leiðtogarnir tveir tóku einnig fram " að þeir teldu nauðsynlegt að halda áfram góðu sambandi við "stórveldi" heimsins."

Það kemur einnig fram, að SEATO "eigi að leggja niður stig af stigi í samræmi við nýtt ástand í þessum heimshluta." Þetta viðhorf endurspeglar frekari viðbrögð við þeim pólitískum breytingum sem átt hafa sér stað í Asíu í kjölfar frelsunar Indókína. Pramoj og Marcos, sem báðir heimsóttu Kína nýlega, hvöttu einnig til styrkingar ASEAN (Samtaka suð-austur asíuþjóða), svæðisbundinna samtaka sem Bandaríkin eiga enga aðild að.

-/Guardian

Júgóslavía - leppríki heimsvaldastefnunnar

Undanfarið hefur Þjóðviljinn birt greinaflokk um "sósíalismann" í Jugoslaviu. Þar hefur verið talað um baráttu júgoslavneska flokksins gegn verðbólgu og atvinnuleysi, og Þjóðviljinn hefur verið hrifinn af árangrinum. Um hitt var ekkert fjallað, að verðbólga og atvinnuleysi eru fylgifiskar kapitalísks hagkerfis en ekki sósíalisks. Blaðamenn Stéttabaráttunnar voru í sumar á ferð um Balkanskaga og skrifuðu þá þessa grein um Júgoslaviu og það sem þar bar fyrir augu þeirra.

Af þeim löndum sem lögðu inn á braut sósíalismans eftir stríð, var Júgóslavía fyrsta landið sem yfirgaf þá leið og lagði á braut endurskoðunarstefnu og endurreisnar kapitalismans. Það var strax um 1940 sem Tító og klíka hans, sem verið höfðu leiðandi í þjóðfrelsisbaráttunni, gegn þýsku fasistunum, sviku markmið þjóðfrelsisbaráttunnar - að sigrast á öllum erlendum og innlendum arðránsöflum, og byggja þjóðfélag á grunni sósíalismans, laust við launaþrældóm og arðrán manns á manni.

Þetta fráhvarf átti eftir að hafa víðtæk áhrif, bæði innanlands og erlendis. Heima fyrir leiddi þetta af sér kúgun og þrælkun fyrir verkalýðinn, en á alþjóðavettvangi hafði þetta í för með sér að Albanía var umkringd af óvinum og að júgóslavneskir "kommúnistar" gerðust talsmenn fyrir árásir gegn fræðikenningu kommúnismans og alræði öreiganna. Eftir að Kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna undir forystu Stalíns hafði afhjúpað Tító sem svikara, 1945-47, þá sleit Títo öllum samskiptum við sósíaliska heimshlutann. Þá stöðvaði hann allar vopnasendingar í gegnum Júgóslavíu til ELAS skæruliðanna í Grikklandi og átti þátt í því að kæfa grísku byltinguna og ofurselja grískan verkalýð kúgun innlends og erlends afturhalds.

Þegar ferðast er í Júgóslavíu verður ekki hjá því komist að sjá hvarskonar þjóðskipulag er ríkjandi þar. Menning Júgóslavíu einkennist mjög af amerískri kúlutyggjómenningu. Meðfram öllum vegum eru auglýsingaspjöld sem auglýsa hina og þessa vöru, hótel, grill, bari, brennivín osfrv. Þetta er ekkert einkennilegt þegar haft er í huga að í Júgóslavíu eru flest fyrirtæki í einkaeign og hagkerfið er markaðshagkerfi.

Fréttamenn Stéttabaráttunnar á ferð

Þannig auglýsa framleiðendur sína vöru hver í kapp við annan, og um leið hylla þeir hina guðdómlegu framleiðslu Bandaríkjanna, Coca Cola, snyrtivörur, o.þ.h. Í bókabúðum og á blaðasölustöðum er mikið framboð á klámritum, borgaralegum "fjölskyldutímaritum" ýmisskonar sem borgarastétt Júgóslavíu telur ekki eftir sér að láta snúa á innlenda tungu, auk úmisskonar "rómana", grátkerlingasagna og sögum úr vilta vestrinu. M.a. sem við sáum voru blöð eins og þýska blaðið "Stern" sem gefið er út af fasistanum Springer í V-þýskalandi, "Playboy" og "Rapport", auk annarra borgaralegra tímarita af því tagi. Þar má einnig finna mikið magn af bókum eftir höfunda á sömu línu og Alister Mclean, verkalýðsbókmenntir eru fáséðar. Mikið er um skopblöð sem gera grín að Kína og Albaníu og alræði öreiganna. Í kvikmyndahúsum eru vestrænar grátvellur og ítalskar spaghettíkúrekamyndir allsráðandi. Öll framleiðsla Júgóslavíu er byggð á auðvaldsháttum, og hlutskipti alþýðunnar í Júgóslavíu er ömurlegt. Atvinnuleysi er landlægt og hundruð þúsunda júgóslavneskra verkamanna hafa þurft að flýja land og reyna að framfleyta sér annarsstaðar. Þannig er stór hluti erlendra verkamanna í Þýskalandi, Frakklandi og raunar allri N-Evrópu komnir frá Júgóslavíu. Alþýðumenntun er á lágu stigi, og út til sveita er að finna ótrúlega framstætt fólk, fólk sem hvorki kann að lesa né skrifa og er bundið í ýmisskonar hindurvitni trúar og siða. Lítil eða engin barátta hefur verið háð gegn forheimskum trúarbragða í Júgóslavíu. Þannig er víða að finna meðfram vegum myndir af Jesú hangandi á krossinum.
Það er mjög áberandi í Júgóslavíu hversu konan býr við mikla kúgun. Staður konunnar er að mati ríkjandi þjóðskipulags í eldhúsinu eða í lægst launuðu störfunum, eins og ýmisskonar afgreiðslustörfum, framleiðslustörfum, o.þ.h. Áberandi er að á götunum og við almenna vinnu sér maður svo að segja eingöngu karlmenn. Og á kvöldin er margt um karlmanninn á krám og börum, en konur sjást ekki.
Æskulýður Júgóslavíu er mjög vestrænn í háttum. Ýmiskonar borgaralegir hættir í klæðaburði og hegðun virðast ríkjandi, og iðjuleysi og hippaháttur er talvert útbreiddur í borgum.
Það sem stingur hvað mest í augu þegar ferðast er um Júgóslavíu er hinn gífurlegi munur á ríkum og fátækum sem þar má sjá. Tökum sem dæmi borgina Rijeka við Adriahafið. Meðfram ströndinni má sjá gífurleg lúxushús, einbýlishús með 3-4 bílum fyrir utan, snekkju á floti við ströndina. Mörg þessara einbýlishúsa hafa mikla garða hjá, og sólbaðsskýli og allan lúxus sem

FRAMHALD SÍÐU 7.

ÞRÍR MÁNUÐIR EFTIR



Nú hefur áskrifendasöfnunin tekið kipp uppávið. Á tímabilinu 28. ágúst til 22. sept. hefur áskrifendum fjölgað um 8,5% - og heildartalan því komin í 65,5%. Þar með höfum við slegið árið 1974 út, en þá jókst fjöldi áskrifenda um 60% (brotna línan). En markmiðið er 100% (heila svarta línan) og nú verður að nýta vel þá þrjá mánuði sem eftir eru. Nú verða allir velunnarar blaðsins að fara á stúfana og hjálpast að við að lyfta rauðu línunni upp fyrir þá svörtu! Lokasóknin er hafin!

GERIST ÁSKRIFENDUR!